Ilmur leikur flókna konu

Menning ➤ 40

Íslenskt hráefni í Parísarbúningi

Lífið ➤ 44

OPIÐ ALLAN SÓLAR-HRINGINN
24/7
Á GRANDA OG Í MJÓDD
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

63. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 31. MARS 2022

Fréttablaðið heimsótti dagvistun í Gorskiego í Varsjá þar sem tugir úkraínskra barna á flótta dvelja. Mörg þeirra glíma við alvarleg áföll eftir vikur af árásum. SJÁ SÍÐU 4 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja aðkomu stjórnvalda og Seðlabankans

EFNAHAGSMÁL Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, eru á öndverðum meiði um hvort rétt sé að setja þak á verðtryggingu lána vegna mikillar og vaxandi verðbólgu.

Þeir eru hins vegar einhuga um að nú þurfi víðtæka samstöðu um aðgerðir til að stemma stigu við afleiðingum uggvænlegrar verðbólgu. Auk aðila vinnumarkaðarins þurfi stjórnvöld og Seðlabankinn að koma að borðinu. Enginn geti firrt sig ábyrgð.

SJÁ SÍÐU 4

Netverslun fer minnkandi

Hægt hefur á stafrænni netverslun Íslendinga en hún náði hámarki á síðasta ári.

magdalena@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Diðrik Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri stafrænna miðla hjá MediaCom og stundakennari við Háskólann í Reykjavík, segir að gullöld netverslunar hafi náð hámarki.

„Netverslun náði hámarki árið 2021 en það hefur verið að hægja á netverslun síðan. Neytendur hafa ekki hætt að kaupa á netinu en það hefur hægt verulega á þróuninni frá síðasta ári," segir Diðrik. Í mars árið 2021 hafi 48 prósent landsmanna keypt á netinu samkvæmt Netverslunarpúlsi Prósents en 36 prósent nú.

> Neytendur hafa ekki hætt að kaupa á netinu en það hefur hægt verulega á þróuninni frá síðasta ári.
>
> Diðrik Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá MediaCom

„Það sem hefur breyst frá árinu 2018 er að þá höfðu um 55 prósent fólks keypt í netverslun og 66 prósent svarenda höfðu keypt í erlendu netverslununum en nú hefur sú þróun snúist við. Síðustu mánuði hefur innlend netverslun 70 prósenta vægi meðan erlend verslun hefur 30 prósenta vægi."

Diðrik segir að Covid-19 faraldurinn hafi neytt fólk til að versla meira á netinu en áður og leitt til þess að allir aldurshópar hafi kynnt sér kosti tækninnar.

Diðrik bætir við að það sem sé fram undan í þessari stafrænu þróun sé að íslenskir kaupmenn þurfi að finna leiðir til að nálgast neytendur sem séu að minnka kaupin.

SJÁ SÍÐU 10

Pólska þjóðin óttist ekki Pútín

PÓLLAND Marcin Przydacz, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, ræddi við blaðamann Fréttablaðsins um innrásina í Úkraínu og öryggismál Evrópuþjóða í gær. Przydacz segir pólsku þjóðina ekki óttast Vladímír Pútín og hvetur Evrópu til að herða refsiaðgerðir gegn Rússum vegna innrásarinnar í Úkraínu.

Pólverjar ákváðu nýlega að hætta alfarið að kaupa rússneska olíu og gas fram til áramóta og hafa aukið verulega við hernaðarútgjöld sín. „Það má aldrei verða að verðmiði verði settur á blóð úkraínskra borgara sem nú falla í innrásinni," segir Przydacz.

SJÁ SÍÐU 8

Ísland hefur veitt fjölda Úkraínumanna alþjóðlega vernd.

Tæplega þúsund sótt um vernd

benediktarnar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Alls hafa 865 einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi síðan 1. janúar. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu frá landamærasviði ríkislögreglustjóra sem var send út í gær.

Þá kemur fram að fjölmennasta þjóðernið sem hefur sótt um vernd er fólk með tengsl við Úkraínu, alls 509 einstaklingar, en um fjórar milljónir Úkraínumanna hafa þurft að yfirgefa landið vegna innrásar Rússa.

Móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd verður opnuð í Domus Medica í næstu viku. Í nýlegri tilkynningu frá Sjúkratryggingum Íslands segir að fyrsti hópur úkraínskra flóttamanna hafa fengið íslenska sjúkratryggingu og þar með fullan rétt til greiðsluþátttöku hins opinbera í nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. ■

Selja rauðar fjaðrir til að kaupa leiðsöguhunda



Blindrafélagið og Lions-hreyfingin á Íslandi hófu átak til að fá fleiri leiðsöguhunda til Íslands við athöfn á Bessastöðum í gær. Átakið felst í sölu á rauðu fjöðrinni frá 31. mars til 3. apríl. Verndari sölunnar er Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem keypti fyrstu rauðu fjöðrina í athöfninni í góðum félagsskap.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Pútín telji Úkraínu ekki sjálfstætt ríki

ser@frettabladid.is

ÚKRAÍNA „Vladímír Pútín lítur ekki á Úkraínu sem sjálfstætt ríki," skrifar Sergii Iaromenko, dósent við Hagfræðiháskóla Odesa í Úkraínu í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag þar sem hann fer yfir sögu Rússlands og Úkraínu. Dósentinn telur Kremlarvaldið enn vera upptekið af þeirri heimssýn að „Moskvuríki eigi tilkall til þeirra landa sem áður heyrðu undir Kænugarð og Rús."

> Moskvuríki eigi tilkall til þeirra landa sem áður heyrðu undir Kænugarð og Rús.

Pútín líti svo á að ofríki Rússa eigi sér sögulega réttlætingu. Úkraína sé að hans mati gerviríki.

Dósentinn segir Rússland verja söguskoðun sína með kjafti og klóm. „Samkvæmt Kreml er Úkraína sýsla sem gert hefur uppreisn gegn valdamiðjunni, og nú ríður á að lægja öldurnar," skrifar Sergii Iaromenko og bendir á að opinber niðurlæging og valdbeiting hafi löngum verið beitt gagnvart fyrrum Sovétlýðveldum og héruðum rússneska keisaradæmisins.

Hann segir innrásina mega skoða í ljósi þess að Rússa vanti stönduga höfn í suðri. Her og iðnjöfrar renni hýru auga til Odesa, lykilhafnar við Svartahaf. Rússneska aðalhöfnin í Novorossísk sé klemmd milli sjávar og lægri fjallshryggja Kákasus sem takmarki umferð. SJÁ SÍÐU 14

viator
Viltu láta sumarhúsið vinna fyrir þig?
✓ Við sjáum um öll samskipti við gesti
✓ Öflug markaðssetning á erlendum mörkuðum
✓ Það kostar ekkert að vera á skrá
✓ Yfir 20 ára reynsla
Kynntu þér málið á viator.is/eigendur

Viator Grensásvegur 5, 108 Reykjavík info@viator.is 544 8990

Stefna á að bæta selalaugina fyrir bæði selina og gestina

Reykjavíkurborg hefur sótt um leyfi hjá byggingarfulltrúa fyrir endurbættri selalaug í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Fundað var um framtíð laugarinnar í gær en hún uppfyllir ekki lengur staðla evrópskra dýragarða.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fundað var í gær um framtíð selalaugarinnar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en laugin er komin á tíma og uppfyllir ekki lengur staðla EAZA, sem er samband evrópskra dýragarða. Garðurinn hefur sótt um leyfi til byggingarfulltrúa til að byggja nýtt þjónustuhús til aðhlynningar og fóðurblöndunar, með lítilli innilaug og skyggni við annan endann og stækka núverandi útilaug fyrir seli.

„Það þarf að færa laugina til nútímans og gera hana stærri," segir Þorkell Heiðarsson, deildarstjóri garðsins, en Húsdýragarðurinn var opnaður þann 19. maí 1990 og Fjölskyldugarðurinn þremur árum síðar en borgarráð ákvað að byggja garðinn árið 1986. Selalaugin hefur ekki tekið miklum breytingum síðan þá.

Áður hefur verið fjallað um nauðsyn þess að færa selalaugina til nútímans en árið 2020 birtist frétt þess efnis að kostnaður væri óljós en í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar væru áætlaðar 100 milljónir króna í verkefnið. Þá var ekkert Covid komið til landsins og ljóst að verkefnið hefur tafist.

Samkvæmt heildarskipulagi Laugardals sem lagt var fram í borgarráði í janúar verður allsherjaryfirhalning gerð á lauginni. Í deiliskipulagi eru byggingarreitir fyrir fræðslu- og náttúruhús sem og starfsmannaaðstöðu innan Húsdýragarðsins. Unnið er að hönnun byggginganna auk stækkunar selalaugar.

Það hefur ekki mikið verið gert við selalaugina síðan Davíð Oddsson opnaði Húsdýragarðinn árið 1990.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það þarf að færa laugina til nútímans og gera hana stærri.

Þorkell Heiðarsson, deildarstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

„Þetta er bæði fyrir selina en líka fyrir gestina. Við viljum að þegar fólk kemur að skoða selina geti allir notið sín, bæði menn og dýr. Fólk gæti þá séð þá jafnvel kafa niður og gera alls konar skemmtilega hluti sem er ekki hægt í dag," segir Þorkell.

Fyrir Covid sóttu um 100 þúsund manns garðinn heim á fyrstu sex mánuðum ársins 2019. Það var mikil fjölgun frá fyrra ári en í meðalári fyrir Covid komu um 170 þúsund gestir inn í garðinn. Eðlilega hefur fækkað mikið síðan faraldurinn lét á sér kræla en nú á að snúa vörn í sókn og breyta og bæta mannvirki og fræðslu.

Síðasti kópur til að fæðast í garðinum kom á Jónsmessu 2020 þegar landselsurtan Særún, sem er 31 árs, kæpti eldsnemma að morgni. Með þeim í selalauginni eru tveir ungir selir fæddir 2017 og kópur frá 2019.

Í frétt frá garðinum um málið sagði að þetta yrði síðasti kópurinn sem fæðist í Húsdýragarðinum í bili þar sem faðir kópsins, brimillinn Snorri, dó. ■

Ástandsskoðun Fjármögnun á staðnum Mikið úrval WWW.BILALAND.IS

NOTAÐIR
BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.

Rnr. 148840

BMW X3 XDrive30e
Nýskr. 01/21, ekinn 16 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
8.990.000 kr.

Rnr. 148553

RENAULT Megane E-Tech PHEV Intens
Nýskr. 06/21, ekinn 19 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.590.000 kr.

Rnr. 149080

LAND ROVER Discovery Sport SE
Nýskr. 07/18, ekinn 20 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.990.000 kr.

Rnr. 148827

MG ZS EV Luxury
Nýskr. 10/21, ekinn 2 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.690.000 kr.

Rnr. 149009

NISSAN Qashqai Tekna+ Bose 2wd
Nýskr. 09/19, ekinn 25 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.990.000 kr.

Rnr. 148936

RENAULT Captur E-Tech PHEV Intens+
Nýskr. 08/21, ekinn 2 þ.km,
rafmagn/bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.990.000 kr.

Rnr. 149003

SUBARU Forester LUX
Nýskr. 01/18, ekinn 60 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.790.000 kr.

Rnr. 149020

LAND ROVER Discovery 5 HSE TDV6
Nýskr. 03/18, ekinn 93 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.590.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM010288

VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland
www.facebook.com/bilaland.is

Gera þurfi þjóðarsátt til að kveða verðbólguna í kútinn

olafur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Vilhjálmur Birgisson, nýkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins, og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, eru á einu máli um að verðbólgutölur séu uggvænlegar og kalli á að fleiri en aðilar vinnumarkaðarins verði að koma að borðinu til að kveða verðbólgu í kútinn.

Vilhjálmur telur stríðið í Úkraínu og afleiðingar þess sem birtast í vöruskorti og miklum og vaxandi verðhækkunum nokkuð sem enginn gat séð fyrir. Þetta ástand kalli á neyðaraðgerðir stjórnvalda.

Hann segir launafólk og neytendur ekki bera ábyrgð á innfluttri verðbólgu og því þurfi að tryggja að hún skelli ekki á af tvöföldum þunga, fyrst með hvers kyns verðhækkunum á vöru og þjónustu og í kjölfarið með stökkbreytingu verðtryggðra lána.

Verðtryggð lán heimilanna eru um 1.500 milljarðar og síðustu tólf mánuði hafa þau hækkað um 100 milljarða vegna hækkunar vísitölu neysluverðs. Vilhjálmur telur að setja eigi þak á hækkun vísitölunnar til að verja heimili og fyrirtæki í landinu.

Halldór Benjamín segir verðbólguna rót vandans og að það leysi engan vanda að breyta mælingunni á henni. Ná þurfi tökum á henni en verið sé að stinga höfðinu í sandinn með því að breyta mælieiningunni.

Báðir eru þeir einhuga um að ásamt aðilum vinnumarkaðarins þurfi bæði stjórnvöld og Seðlabankinn að koma að borðinu og víðtæk sátt að nást.

Halldór Benjamín og Vilhjálmur vilja alla að borðinu til að ráða niðurlögum verðbólgunnar.

Vilhjálmur segir það kalla á átök ef velta eigi öllum kostnaðarauka vegna hárrar verðbólgu á heimilin í landinu. Launafólk og neytendur beri ekki ábyrgð á innfluttri verðbólgu.

Halldór Benjamín segir alla ábyrgðaraðila hagstjórnar þurfa að koma að borðinu; aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld og Seðlabankann. ■

Munurinn er mikill eftir aldri en lítill eftir kynjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tölvuþekking er lakari á landsbyggðinni

kristinnhaukur@frettabladid.is

MENNTAMÁL 81 prósent þjóðarinnar hefur grunnþekkingu tölvunotkunar eða meira, samkvæmt nýjum tölum frá tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Þetta er hæsta hlutfall í álfunni og Ísland eina landið með 80 prósent eða meira. Þar á eftir koma Finnar, Norðmenn og Hollendingar sem oft hafa verið nefndir sem tæknivæddasta þjóð heims.

Meðaltal Evrópusambandsins er rétt rúmlega helmingur, 54 prósent, og í Búlgaríu og Rúmeníu hefur minna en þriðjungur grunnþekkingu á tölvum.

Tölvuþekking er töluvert meiri á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni, 84 prósent á móti 73. Munur milli innfæddra Íslendinga og innflytjenda er hins vegar aðeins 1 prósent. Kynjamunurinn er aðeins 2 prósent körlum í vil.

Yngra fólk hefur hins vegar umtalsvert meiri tölvuþekkingu en það eldra. 91 prósent 16 til 24 ára hefur að minnsta kosti grunnþekkingu en í aldurshópnum 65 til 74 hafa hins vegar aðeins 57 prósent hana. ■

Sumar brotnar og fullar af skömm

Þar sem skrifstofufólk starfaði áður hjá borginni er nú hver einasta vistarvera undirlögð fyrir flóttafólk. Vondar fréttir af vígstöðvunum eru daglegt brauð en örlæti heimafólks slær á kvalirnar.

bth@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Magdalena Kulik, félagsráðgjafi sem starfar hjá Miðstöð félagslegs stuðnings í Gorskiego í Varsjá, segir að um 60-70 flóttabörn frá Úkraínu séu vistuð daglega í miðstöðinni. Hún nefnir dæmi um að einstaklingar hafi fórnað öllu sem þeir gátu til að hjálpa flóttafólkinu. Stundum dugi það varla til.

Þegar flóttamannabylgjan til Varsjár reis sem hæst eftir innrásina segir Magdalena að hið opinbera, Varsjárborg, ríkið en ekki síst einstaklingar, hafi sýnt slíka samstöðu að kalla megi útkomuna fullkominn samhug. Eitt dæmi er að einkarekin veitingahús í hverfinu hættu að hugsa um hefðbundna starfsemi þegar straumurinn hófst. Stöðunum var lokað fyrir gestum og eigendurnir létu hagnað af starfsemi sig engu varða. Veitingafólkið eldaði fyrir flóttafólkið þess í stað og fékk ekki krónu fyrir.

Flóttabörnin sem Magdalena vinnur við að skjóta skjólshúsi yfir glíma mörg við alvarleg áföll, ekki síður en mæður þeirra. Hún lýsir hvernig sumar flóttakonur koma fullar af skömm yfir að hafa ekki í önnur hús að venda. Sumar komi skítugar og hungraðar og börnin í sama ástandi eftir að hafa verið vikum saman undir árásum. Stundum hefur öllu verið fórnað til að bjarga lífinu. En það að þurfa að reiða sig á aðra sé mörgum erfitt.

„Eftir slíka reynslu eru sumar konurnar brotnar," segir Magdalena.

Börnin glíma við áföll en bera sig vel eftir föngum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Eftir slíka reynslu eru sumar konurnar brotnar.

Magdalena Kulik, félagsráðgjafi í Varsjá

Þegar Fréttablaðið fékk að heimsækja miðstöðina í Varsjá í gær bjuggu 125 flóttamenn í húsinu. Þar sem áður sátu borgarstarfsmenn við skrifstofustörf hafði húsnæðinu verið umturnað og í stað skrifborða áður eru nú svefnbeddar. Miðstöðin er eitt fjölmargra dæma í Varsjá um breytt hlutverk opinberra bygginga, sala og íþróttahúsa sem nú eru full af flóttafólki.

Um 415 flóttamenn hafa gist hjá Magdalenu síðan miðstöðin var opnuð í byrjun mars. Rekstrarformið er blanda af einstaklingsframtaki og opinberum rekstri. Þegar Fréttablaðið spurði Magdalenu hvort full sátt væri meðal Pólverja um að opinberu fé væri veitt til mannúðarmála í slíkum mæli sem raun ber vitni, sagði hún að fram til þessa hefðu Pólverjar nánast staðið saman sem einn maður, en einhver umræða hefði skapast um leiðir til að tryggja öllum bjargir í framtíðinni.

Talið er að íbúum í Varsjá hafi fjölgað um 18 til 20 prósent síðan holskeflan hófst. Pawel Siedecki, talsmaður svæðisstöðvanna í Varsjá, segir að um 300.000 flóttamenn dvelji nú í borginni. Bara í því hverfi sem Fréttablaðið heimsótti hafa 1.000 nýir nemendur byrjað í pólska skólakerfinu.

Börnin og mæður þeirra fá þrjár máltíðir á dag. Þau fá mikla sálfræðilega aðstoð og leyfðu sum sér að brosa framan í blaðamenn Fréttablaðsins þótt oft sé stutt í sársaukann. Sum börnin koma frá borginni Maríupol, sem hefur að hluta verið jöfnuð við jörðu. Magdalena sagði sumar konurnar hafa misst eiginmenn sína í stríðinu eftir að þær fluttu yfir landamærin með börnin.

Áætlað er að um 5-7 prósent fjölskyldna sem hafi flúið til Varsjár hafi snúið aftur til Úkraínu. Spurð hve hátt hlutfall flóttafólksins óski sér að snúa aftur segist Madgalena áætla að það séu um 60 prósent. Ekki séu allir svo heppnir að bíða eftir því einu að stríðinu ljúki. Margir hafi misst allt, heimili, vinnu, fjölskyldu og vini. Þeir hafi ekki að neinu að hverfa og margir þurfi að leita að nýju landi til búsetu. ■

GLÆSILEG BÍLASÝNING Á LAUGARDAGINN

VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR LAUGARDAGINN 2. APRÍL KL. 12–16.

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16 ISBAND.IS





ÞÉR ER BOÐIÐ
Í AFMÆLISVEISLU
FRÁ 17-20 Í DAG!

Kaupaukar, vörukynningar
og veitingar

20%

AFSLÁTTUR
af flestum vörumerkjum
ALLA HELGINA

DIMM
ÁRMÚLA 44

Afslátturinn gildir á dimm.is og í verslun okkar.

Opið föstudag 11-18, laugardag 11-17, sunnudag 11-17

Umferðarsektir bíti ekki á buddu hálaunafólks

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMFERÐARMÁL Sjö þingmenn Flokks fólksins og Samfylkingar vilja að umferðarsektir verði tekjutengdar og hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis. Það er að dómsmálaráðherra verði falið að skipa starfshóp til að endurskoða umferðarlög og tilheyrandi reglugerðir.

Í greinargerð með tillögunni segir að fyrirkomulag staðlaðra sekta þjóni ekki tilgangi sínum gagnvart hátekjufólki í sama mæli og gagnvart fólki með meðaltekjur eða lægri. Sekt upp á 130 þúsund krónur sé meira en helmingur af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum þeirra sem hafa lægstu launin en lítið brot af mánaðartekjum þeirra sem hafa milljónir á mánuði.

> Sekt upp á 130 þúsund krónur er meira en helmingur ráðstöfunarfjár láglaunafólks.

Í Finnlandi eru umferðarsektir tekjutengdar og litið er til tekna í fleiri löndum, svo sem Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Sem dæmi var finnski viðskiptajöfurinn Anders Wiklöf sektaður um 95 þúsund evrur árið 2013 fyrir að keyra á 77 kílómetra hraða þar sem hámarkshraðinn var 50.

Hér á Íslandi hefur í nokkur skipti verið reynt að koma á tekjutengingu, einkum fyrir um áratug. Meðal þeirra sem lögðust gegn hugmyndinni var Ólafur Helgi Kjartansson, þáverandi sýslumaður á Suðurlandi. Við gerð núverandi umferðarlaga taldi samgönguráðherra tekjutengingu auka á flækjustigið og geta orðið erfiða í framkvæmd. ■

Það sé áhættusamt að þurfa að leita á svarta markaðinn eftir ópíóíðum

Nauðsynlegt er að koma á göngudeildarúrræði fyrir fólk sem ánetjast hefur ópíóíðum að mati sérfræðings í skaðaminnkun. Of ströng skilyrði eru fyrir viðhaldsmeðferð.

benediktarnar@frettabladid.is

Svala segir ákveðinn hóp ekki treysta sér í innlögn eða ekki hafa áhuga á því að leggjast inn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HEILBRIGÐISMÁL Skilyrði til að komast í viðhalds- og lyfjameðferðir vegna ópíóíðafíknar eru of ströng hér á landi að mati Svölu Ragnheiðar Jóhannesardóttur, sem starfar sem sérfræðingur í skaðaminnkun hjá Heilshugar. Hún segir of háan þröskuld settan fyrir aðgengi að lyfjum sem notuð eru til viðhaldsmeðferðar og vandamálið sé í raun tvíþætt.

Til þess að komast í viðhaldsmeðferð þarf fólk að leggjast fyrst inn á sjúkrahús. „Eins og staðan er núna þá er langur biðlisti inn á Vog, þannig að fólk þarf að bíða mjög lengi til að fá mikilvæg lyf eins og suboxone við sínum ópíóíðavanda og komast í viðhaldsmeðferð. Einnig er ríkið bara að greiða fyrir ákveðið marga einstaklinga," segir Svala.

En auk þess sem fólk þurfi að bíða lengi eftir að komast í innlögn séu alls ekki allir sem vilja fara þá leið. „Þetta gerir aðgengið að lyfjum eins og suboxone eða methadone mjög takmarkað vegna þess að það er alltaf ákveðinn hópur af fólki sem glímir við þungan ópíóíðavanda sem treystir sér ekki að fara í innlögn, eða hefur hreinlega ekki áhuga á því að leggjast inn," segir hún.

Aðspurð segist Svala vilja sjá viðhaldsmeðferðarstöð á Íslandi þar sem fólk geti fengið lyfja- og viðhaldsmeðferð á göngudeild, án þess að þurfa að leggjast fyrst inn á sjúkrahús. Þarfir fólks séu ólíkar og því þurfum við ólíkar og einstaklingsmiðaðar meðferðir. Vilji fólk inniliggjandi meðferð eigi það að vera í boði en það á ekki að vera forsendan fyrir því að fólk fái lífsnauðsynlegt lyf eins og suboxone og komist í viðhaldsmeðferð.

> Við eigum að vera með eins stuttan biðtíma að viðhaldsmeðferð eins og hægt er.
>
> Svala Ragnheiðar Jóhannesdóttir

„Við eigum að vera með eins stuttan biðtíma að viðhaldsmeðferð eins og hægt er, af því við vitum að þetta er mjög mikilvæg meðferð fyrir fólk með þungan ópíóíðavanda og einnig dregur það úr líkunum á dauðsföllum af völdum ofskömmtunar."

Sigfús Már Dagbjartarson sem hefur átt við ópíóíðafíkn að stríða í nokkur ár lýsti því í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn laugardag að hann þurfi að kaupa suboxone á svörtum markaði en það sé bæði dýrt og auk þess erfiðara að nálgast það en önnur og skaðlegri efni. „Það er nóg til af oxy, fentanyl og svipuðu dópi. Þú ert enga stund að fá þessa ópíóíða, færð þá um leið," sagði Sigfús í viðtalinu.

Svala tekur undir þetta með Sigfúsi og segir mjög áhættusamt fyrir fólk að þurfa að leita á svarta markaðinn eftir lyfjum. „Það er náttúrulega mjög áhættusamt fyrir fólk sem er að reyna að draga úr ópíóíða-notkun sinni eða halda sér edrú, að þurfa að leita inn á ólöglegan vímuefnamarkað til að verða sér úti um lyf eins og suboxone."

Aðspurð um afglæpavæðinguna sem hefur verið í deiglunni undanfarin misseri segir Svala andstætt hugmyndinni um skaðaminnkun og mannúð að taka neysluskammta af fólki.

„Það gerir stöðuna hjá einstaklingnum með vímuefnavanda mun verri, fólk leitar örþrifaráða og verður að redda sér lyfi til að fyrirbyggja fráhvarfseinkenni og veikindi," segir hún. Með því að taka neysluskammta af fólki sé verið að ýta undir veikindi fólks og styrkja ólöglega starfsemi. ■

Aðalfundur

KEA

verður haldinn í Menningarhúsinu Hofi fimmtudaginn 28. apríl kl. 20:00

Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Tillögur sem óskað er eftir að verði teknar fyrir á fundinum skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá og ársreikningur verða aðgengileg á heimsíðu félagsins **www.kea.is** viku fyrir aðalfund.

K E A

Formaðurinn hræðist tilhugsunina um fæðingar án aðkomu ljósmæðra

helenaros@frettabladid.is

Baráttufundur ljósmæðra árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

HEILBRIGÐISMÁL Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, segir félagið reiðubúið til stofnanasamninga strax og að það hefði helst þurft að gerast í fyrr.

Mikill skortur er á ljósmæðrum og er staðan hræðileg að sögn Unnar sem bendir á að ekki megi bíða með aðgerðir þar til kjarasamningar renna út 2023.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra sagði í kvöldfréttum RÚV fyrr í vikunni að treysta yrði á góða kjarasamninga.

Heilbrigðisstéttir innan BHM sendu frá sér yfirlýsingu vegna málsins í fyrradag þar sem kallað var eftir aðkomu ríkisins að stofnanasamningum strax. Nauðsynlegt væri að koma með mótvægisaðgerðir við langvarandi mönnunarvanda og álagi sem hefði aukist til muna síðustu tvö ár.

Unnur hræðist tilhugsunina um að ljósmæður verði ekki til taks fyrir konur í fæðingu. „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda, ég vona svo innilega, að það verði ekki staðan. Bráðaþjónustan gengur alltaf fyrir en það þarf að grípa til aðgerða vegna skorts á ljósmæðrum. Það eru fleiri ljósmæður þarna úti og við þurfum bara að fá þær inn í starfið og aukið starfshlutfall."

> Bráðaþjónustan gengur alltaf fyrir en það þarf að grípa til aðgerða vegna skorts á ljósmæðrum.
>
> Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands

Aðspurð segir Unnur átta ljósmæður, í mismiklu starfshlutfalli, hafa sagt upp á sængurkvennagangi Landspítalans frá áramótum. „Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands var með neyðarfund á mánudaginn vegna þessa."

Í dag eru 283 ljósmæður starfandi hér á landi, að sögn Unnar, en stórir árgangar hafi verið að fara á eftirlaun og ekki hafi tekist að ráða í þær stöður. „Þetta var orðið fyrirséð vandamál, að það yrði skortur á ljósmæðrum." ■

Guerlain fæst í Kringlunni og Smáralind

20% afsláttur

af öllum Guerlain vörum
31. mars - 6. apríl

Veglegur kaupauki fylgir þegar verslað er fyrir 9.500 kr. eða meira. Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP

”

Það má aldrei verða að verðmiði verði settur á blóð úkraínskra borgara sem nú falla í innrásinni.

Marcin telur inngöngu Pólverja inn í Atlantshafsbandalagið hafa verið gæfuspor.

Segir Rússland bensínstöð í eigu mafíunnar

Fréttablaðið í Póllandi

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur
@frettabladid.is

Aðstoðarutanríkisráðherra Póllands segir pólsku þjóðina ekki óttast Pútín. Hann hvetur Evrópuríki til að herða aðgerðir gegn Rússum. Finna þurfi nýja seljendur orku því efnahagur Rússa standi og falli með olíuútflutningi ríkisins.

Marcin Przydacz, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands, segir að aðild að NATO sé lykilatriði í vörnum heimsins í dag. Mjög gott samband hafi skapast milli Bandaríkjanna og stjórnvalda í Póllandi og gildi einu þótt stjórnvöld í Póllandi séu íhaldssamari en Demókratar í Bandaríkjunum. Hann segir að fundur Joes Biden Bandaríkjaforseta í Póllandi á dögunum hafi verið mjög góður. Hann vill ekki ráðleggja Finnum um hvort þeir gangi í NATO en segir að innganga Pólverja í Atlantshafsbandalagið hafi verið gæfuskref.

Fréttablaðið er með blaðamann og ljósmyndara í miðju atburða við Úkraínu og í Póllandi. Blaðið náði tali af ráðherranum í utanríkisráðuneytinu í Varsjá í gær og spurði fyrst hver viðbrögð ráðherrans væru við þeim ummælum Pútíns að það tæki hann aðeins 48 klukkustundir að senda herlið til sex höfuðborga og Varsjá væri ein þeirra.

Przydacz segir Pólverja ekki óttast Pútín þótt hann belgi sig og böðlist um Úkraínu. Átakasaga Rússa sé löng og yfirgengileg. Stríðið núna sé engin nýlunda. Hann vill þó gera greinarmun á rússneskum almenningi og stjórnvöldum.

Przydacz segir að ef ekki væri fyrir gasið og olíuna hefðu Rússar ekki margt fram að færa. Hann vitnar í John McCain sem sagði að Rússar væru ekki annað en ein risastór bensínstöð í eigu mafíunnar.

Fréttablaðið ræddi við ráðherrann í Varsjá í gærdag.

Pólverjar hafa tekið við gríðarlegu magni af flóttafólki.



Viðbúnaður og gæsla hefur verið aukin til muna eftir að innrás Rússa hófst.

Herða þurfi aðgerðir

Pólverjar ákváðu í gær að hætta alfarið að kaupa olíu og gas af Rússum fram til áramóta. Pólski ráðherrann hvetur ríki Evrópu til að herða enn frekar refsiaðgerðir vegna innrásarinnar. Hann segir að núverandi aðgerðir dugi augljóslega ekki, því rússneska rúblan hafi náð vopnum sínum eftir að hafa fallið fyrst eftir innrásina.

„Við erum ekki bara að verja okkur, við erum ekki bara að verja Pólland þegar við aukum herafla, verjum meira fé til varnarmála og stöndum fyrir efnahagsaðgerðum líkt og að hætta að kaupa gas og olíu af Rússum eins og ákveðið hefur verið til áramóta," sagði Przydacz. „Við erum líka að verja Evrópu."

Auka fé til varnarmála

Um gríðarlegan orkuskell verður að ræða fyrir Pólland að óbreyttu nema annað komi í staðinn. Hlutdeild gass og olíu í orkuforða Pólverja hefur orðið allt að 30 prósent. Ekki er þá allt upp talið, því fyrirsjáanlegt er að útgjöld Pólverja til varnar- og öryggismála aukist nú mjög auk þess sem þeir horfa til þess að NATO styrki varnir landsins. Pólverjar hafa varið um 2 prósentum af landsframleiðslu til öryggismála um skeið en hækka nú hlutfallið í 3 prósent. Í lögum hefur verið veitt heimild til að þeir geti varið 6 prósentum af landsframleiðslu til varnar -og öryggismála undir sérstökum kringumstæðum.

„Við verðum að finna nýja seljendur orku," segir Przydacz. Horfa þurfi til Noregs og auka áherslu á græna og endurnýjanlega orku.

Ráðherrann vill ekki svara því með beinum hætti hvort fjölgað hafi verið í herliði Pólverja síðustu daga. Hann segir um 300.000 hermenn klára og að allir verði að leggja lið. Hann segir helstu vonbrigðin eftir innrásina hve önnur ríki eigi enn í miklum viðskiptum við Rússa og haldi þeim með viðskiptunum efnahagslega á floti.

„Það má aldrei verða að verðmiði verði settur á blóð úkraínskra borgara sem nú falla í innrásinni," segir Przydacz.

Hann segir efnahag Rússa standa og falla með þeim gríðarviðskiptum sem felast í olíuútflutningi ríkisins. Hvert einasta ár fái Rússland í sinn hlut 132 milljarða evra fyrir viðskiptin.

Um aðstoð Pólverja við Úkraínu, þar sem Pólland hafi tekið við fleiri flóttamönnum á nokkrum vikum en Þýskaland frá Sýrlandi fyrir nokkrum árum á heilu ári eins og ráðherrann orðar það, segir hann bræðalag milli Póllands og Úkraínu.

„Ég er óendanlega stoltur af mínu fólki, hvernig Pólverjar hafa hjálpað til við þennan mikla vanda," segir Przydacz. ■

”

Við erum líka að verja Evrópu.

Áratugur Reykjavíkur í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis

Opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur um framtíðaruppbyggingu íbúðar-húsnæðis í Reykjavík

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fer yfir nýjar áherslur og aukinn kraft í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Kynntir verða uppbyggingarmöguleikar innan borgarinnar sem tvöfaldar fjölda íbúða sem hægt verður að byggja á næstu fimm árum.

Einkaaðilar og húsnæðisfélög kynna verkefni sem hefjast á þessu ári.

Hvar verður grænt húsnæði framtíðarinnar? Niðurstöður dómnefndar kynntar.

Verið velkomin í Ráðhús Reykjavíkur
föstudaginn 1. apríl kl. 9.00
eða í streymi á **reykjavik.is**

Reykjavík

Eimskip mælir nú árangur í afkomu en ekki flutningamagni

helgivifill@frettabladid.is

Stærsta breytingin sem orðið hefur á vinnustaðamenningu Eimskips er að nú er árangur mældur í afkomu en ekki magni eins og áður var. Þetta segir Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri flutningafyrirtækisins, í viðtali við sjónvarpsþátt Markaðarins sem sýndur var í gærkvöldi.

Hann segir að stóru hagræðingarverkefnum fyrirtækisins sé lokið en það séu þó alltaf tækifæri til að gera betur. Tækifæri sé til að standa betur að rekstri frystigeymslna. Að sama skapi sé verið að skoða siglingaleiðir, hvort færa eigi skip eða setja stærri skip á einhverjar leiðir.

Vilhelm Már rifjar upp að hagrætt hafi verið í rekstri Eimskips frá vorinu 2018 til haustsins 2020. Þær hagræðingar hafi verið sársaukafullar.

> Eimskip verður fyrir óverulegum áhrifum af innrás Rússa í Úkraínu.

Starfsfólki hafi verið fækkað sem og skipum í rekstri. Siglingakerfinu hafi verið breytt og flutningum hérlendis og í Færeyjum.

„Við nutum góðs af því í fyrra að vera með ódýrara og hagkvæmara fyrirtæki í rekstri," segir hann.

Eimskip hefur tekist vel upp að bæta jafnvægið í flutningi yfir Atlantshafið en Vilhelm Már nefnir að skipafélagið flytji mikið af matvælum til Bandaríkjanna en minna hafi verið um útflutning þaðan með skipunum sem sigldu þá leið. „Við höfum notið góðs af því að vera með frystigámaflota fyrir vestan," segir hann og nefnir sem dæmi að íslenska fyrirtækið flytji vöruhúsaróbóta fyrir Amazon frá Bandaríkjunum til Bretlands og meginlands Evrópu. Hitastigið í flutningi á vélmennunum þurfi að vera 25 gráður.

Vilhelm rifjar upp að hagrætt hafi verið í rekstri Eimskips frá vori 2018 til hausts 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eimskip verður fyrir áhrifum af innrás Rússa í Úkraínu en þau eru ekki veruleg, að sögn Vilhelms Más. Eimskip reki frystiflutningaskip sem sigli upp og niður norsku ströndina sem hafði tengingu við Múrmansk í Rússlandi. Töluverð viðskipti hafi verið á milli Norðmanna og Rússa, sérstaklega með fisk. Og hann nefnir að Eimskip vilji „vera innan allra viðskiptaþvingana".

Auk þess hafi stríðið haft einhver áhrif í Færeyjum. Færeyskur lax hafi farið í miklum mæli til Rússlands og Hvíta-Rússlands. Sá fiskur verði seldur annað. „Ég veit að Færeyingar eru á fullu að vinna í því. Við bindum vonir við að hann verði áfram í okkar kerfum," segir Vilhelm Már.

Hann bendir á að íslenskar útgerðir hafi sömuleiðis selt mikið til Hvíta-Rússlands og Úkraínu. „Þeir markaðir eru tímabundið í óvissu." ■

Gulltíð netverslunar hefur náð hámarki

Hægt hefur á stafrænni netverslun Íslendinga en hún náði hámarki á síðasta ári. Þá eru Íslendingar farnir að kaupa meira í innlendu netverslununum en þeir gerðu áður.

magdalena@frettabladid.is

Diðrik Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri stafrænna miðla hjá MediaCom og stundakennari við Háskólann í Reykjavík, segir að gulltíð netverslunar hafi náð hámarki.

„Netverslun náði hámarki árið 2021 en það hefur verið að hægja á netverslun síðan. Neytendur hafa ekki hætt að kaupa á netinu en það hefur hægt verulega á þróuninni frá síðasta ári. Í mars 2021 voru 48 prósent Íslendinga sem höfðu keypt á netinu á meðan í mars 2022 voru 36 prósent Íslendinga samkvæmt Netverslunarpúlsi Prósents sem höfðu keypt á netinu. Það sem hefur áhrif eru útlandaferðir. Fólk er að fara í auknum mæli til útlanda og kaupir sjálft vöruna þar," segir Diðrik og bætir við að fólk sé nú í meiri mæli að kaupa úr innlendu netverslununum en áður.

„Það sem hefur breyst frá árinu 2018 er að þá höfðu um 55 prósent fólks keypt í netverslun og 66 prósent svarenda höfðu keypt í erlendu netverslununum en nú hefur sú þróun snúist við. Síðustu mánuði hefur innlend netverslun 70 prósenta vægi meðan erlend verslun hefur 30 prósenta vægi. Þegar fólk var spurt hvort það myndi kaupa meira á netinu næstu mánuði þá sögðu um 60 prósent svarenda að þau myndu kaupa jafnmikið og áður."

Diðrik segir að Covid-19 faraldurinn hafi neytt fólk til að versla meira á netinu en áður og leitt til þess að allir aldurshópar hafi kynnt sér kosti tækninnar.

Diðrik segir að kaupmenn þurfi að finna leiðir til að nálgast þá sem eru að minnka kaupin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Það tók Íslendinga 20 ár að læra og þora að nota bílastæðahús og það sama er að gerast með stafræna verslun.

„Áður en Covid kom til sögunnar var notkunin ekki til staðar og fólk veigraði sér við að fara á netið og kaupa sökum þekkingarleysis. En það sem gerðist í upphafi faraldursins var að elsti markhópurinn sem er 55 ára og eldri tileinkaði sér tæknina og yngri hóparnir kenndu þeim eldri. Þannig að það má með sanni segja að faraldurinn hafi fleytt okkur töluvert áfram í notkun á stafrænum lausnum. Covid kenndi okkur svo margt, ekki bara neytendum heldur auglýsingafólki líka. Það sem Covid kenndi auglýsingafólki var að hugsa hlutina upp á nýtt og það er það sem við í MediaCom köllum Covid-möntruna. Það er að vera með allsherjar stafræna dekkun í bland við hefðbundnar auglýsingar. Það er margt sem bendir til þess að fólk muni nýta netið í auknum mæli til að kaupa föt og skó en muni halda áfram að versla í matinn með hefðbundnum hætti."

Aðspurður hvort fólk muni í meiri mæli nýta sér heimsendingarþjónustu hjá fyrirtækjum þegar fram líða stundir segir Diðrik að það muni ráðast af nokkrum þáttum.

„Það sem fólk mun alltaf horfa til er sendingarkostnaðurinn og þjónustan verður að vera góð og betri en að fara í verslunina sjálfa svo netverslun haldi dampi. Það eru til dæmis sífellt fleiri verslanir að bjóða upp á fría sendingu og að varan komi hratt og örugglega til viðskiptavinanna. Það er það sem skiptir mestu máli í þessu. Einnig mun upplifun notenda skipta mjög miklu máli, upplifun neytanda sem versla á netinu er atriði sem rekstraraðilar netverslana ættu að huga vel að."

Diðrik segir auk þess að ef skoðað er hvaða hópar versli mest á netinu komi ýmislegt áhugavert í ljós.

„Fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu verslar til að mynda meira á netinu heldur en fólk sem býr á landsbyggðinni. Það er staðreynd sem kemur verulega á óvart. Þeir sem kaupa á netinu eru að jafnaði með meiri menntun og hærri tekjur. Síðan versla barnafjölskyldur meira á netinu en aðrir. Sá aldurshópur sem verslar mest á netinu er 25-34 ára."

Diðrik bætir við að það sem sé fram undan í þessari stafrænu þróun sé að íslenskir kaupmenn þurfi að finna leiðir til að nálgast neytendur sem eru að minnka kaupin.

„Hér á landi höfum við séð lítið af tryggðarkerfum (e. loyality programs) til að halda í viðskiptavini. Það er til dæmis lausn sem myndi ýta Íslendingum til að kaupa meira á netinu en ella. En við verðum að hafa þolinmæði þegar kemur að stafrænni þróun. Það tók Íslendinga 20 ár að læra og þora að nota bílastæðahús og það sama er að gerast með stafræna verslun. Þetta tekur bara tíma." ■

/Augljos
Fríar forskoðanir
fyrir laseraðgerðir
út apríl
Tímapantanir 414 7000

Verðmat lægra en markaðsgengi

helgivifill@frettabladid.is

Jakobsson Capital verðmetur Eimskip átta prósentum lægra en markaðsvirðið eða á 508 krónur á hlut. Frá 1. október árið 2020 til dagsins í dag hefur hlutabréfaverð fyrirtækisins hækkað um 324 prósent.

Fram kemur í verðmatinu að rekstur flutningafélagsins í fyrra hafi verið magnaður.

„Félagið hafði lengi verið úti í kuldanum hjá fjárfestum. Undir lok ársins 2020 fór það að snúast við og hefur gengi Eimskips hækkað nánast viðstöðulaust síðan þá. Kostnaðarhagræðingar og önnur straumlínulögun rekstursins í takt við mikla tekjuaukningu leiddi til þess að methagnaður var af rekstrinum árið 2021. Mikil eftirspurn var eftir flutningaskipum og verð á flutningum eftir því."

Eimskip hefur verið á mikilli siglingu.

Tekjur Eimskips jukust um 32 prósent á milli ára og námu 883 milljónum evra árið 2021. „Það verður að teljast líklegt að árið í ár mun ekki verða „spútnik" ár í líkingu við árið 2021," segir í verðmatinu.

Reikna megi með að kostnaður muni aukast. Kjarasamningar séu að renna út og launahækkanir líklega fram undan. Auk þess hafi krónan verið að styrkjast gagnvart evru. Það leiðir til þess að að innlendur launakostnaður eykst.

„Olíuverð hefur hækkað mikið sem mun hafa áhrif árið 2022. Hvað varðar annan rekstrarkostnað í flutningsmiðlun mun hann lækka um það sem nemur samdrætti í tekjum flutningsmiðlunar," segir í verðmatinu sem Markaðurinn hefur undir höndum. ■

KRÆSILEG HELGARTILBOÐ

GILDA: 31. MARS–3. APRÍL

BÆONNE-SKINKA

35% AFSLÁTTUR

1.299 KR/KG

ÁÐUR: 1.199 KR/KG

KJARNAFÆÐI

30% AFSLÁTTUR

Kindagrillsneiðar
Beinlausar

2.029 KR/KG

ÁÐUR: 2.899 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

Lambahryggur
½, ostafylltur

KJÖTSEL

3.429 KR/KG

ÁÐUR: 4.899 KR/KG

KJÖTBANKINN – FERSKLEIKI FRÁGMENNSKA

30% AFSLÁTTUR

Nauta ribeye-steikur

3.989 KR/KG

ÁÐUR: 5.699 KR/KG

Heilsuvara vikunnar!

25% AFSLÁTTUR

C-1000 vítamín
NOW - 250 töflur

2.774 KR/PK

ÁÐUR: 3.699 KR/PK

40% AFSLÁTTUR

Gourmet súrdeigsbrauð
608g

311 KR/STK

ÁÐUR: 519 KR/STK

40% AFSLÁTTUR

Croissant
með súkkulaði

179 KR/STK

ÁÐUR: 299 KR/STK

20% AFSLÁTTUR

Le Brie, Président
Gourmet - 200 g

639 KR/STK

ÁÐUR: 799 KR/STK

KJÖTBANKINN – FERSKLEIKI FRÁGMENNSKA

20% AFSLÁTTUR

Mjúkar kjúklinga-tacos
Street Food, 8 stk.

2.399 KR/PK

ÁÐUR: 2.999 KR/PK

nettó

Lægra verð – léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Fordómar

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er í samræmi við aðra misskiptingu í íslensku samfélagi að ekki er gert ráð fyrir öllum ungmennum í framhaldsnámi hér á landi.

Skólakerfið er öðru fremur sniðið að þeim sem eiga auðveldast með lestur og reikning – og í ljósi þessa ríkisskilnings á gáfum er einum hópi, öðrum fremur, ætlað að njóta sín í framhaldsnámi og háskólum landsins, en öðrum ekki.

Enn erum við sem samfélag talsmenn einsleitninnar í stað þess að veðja á fjölbreytilega fegurð breiddarinnar. Enn erum við að útiloka fólk frá tækifærunum í lífinu í stað þess að bjóða það velkomið í starfi og leik. Enn kjósum við að elta uppi veikleika fólks í stað þess að hampa styrkleikum þess.

Myndlistarmaðurinn Þórir Gunnarsson, sem er kunnur undir listamannsheitinu Listapúkinn – og hefur meðal annars hlotið nafnbótina bæjarlistamaður Mosfellsbæjar, fær ekki inni í opinberum listaskólum á Íslandi af því að hann fellur ekki að skilgreiningum embættismanna á námsmanni á háskólastigi. Hann er þroskahamlaður og treystir sér ekki til að skila inn ritgerðinni sem Listaháskóli Íslands krafði hann um í skiptum fyrir stúdentsprófið, af því að ritgerðarsmíð er ekki hans sterkasta hlið í lífinu.

Og þar fann ríkið veikleikann. Engin ástæða var til að meta hæfileika mannsins og styrkleika. Tölva ríkisins sagði einfaldlega nei við Þóri haustið 2020.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Þórir sögu sína ásamt Önnu Rósu Þrastardóttur sem einnig býr við þroskahömlun, en hana dreymir um háskólanám í ljósi feikilegs lestraráhuga sem hún hefur fengið á seinni árum, en „ég heyri fólk tala um að ég hafi ekki tækifæri og að eftir framhaldsskóla sé ekkert meira og mér finnst það ósanngjarnt," segir hún í blaðinu.

Lengi vel hefur fólk með þroskahömlun ekki verið öruggt með inngöngu í framhaldsskóla landsins, en þar hefur jafnvel verið gert upp á milli tveggja vina úr grunnskóla um hvor fái inni á næsta skólastigi. Athugasemdirnar voru enda allar á þann veg að þessi hópur hefði ekkert að gera í framhaldsskóla.

En starfsbrautirnar voru þó að lokum festar í sessi eftir baráttu við seinfær skriffinnskuöflin hjá hinu opinbera. Nú eru sömu brösur við kerfið – og tónninn er þessi; hvað þarf þetta lið eiginlega upp á pall í háskóla?

Það þarf að kveða fordóma fólks niður með öllum ráðum. Ekki síst fordóma ríkisins. ■

> Og þar fann ríkið veikleikann. Engin ástæða var til að meta hæfileika mannsins og styrkleika. Tölva ríkisins sagði einfaldlega nei við Þóri haustið 2020.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Faðmlagið
Faðmlagið er komið aftur, en oft og tíðum með svo vandræðalegum hætti að ógaman er að horfa á aðfarir fólks. Það er eins og mannskapurinn sé kominn úr æfingu, finni sig ekki lengur í faðmlaginu, áþekkt því að ósjálfráða hreyfingin frá því á árum áður þegar faðmurinn opnaðist og hrammarnir ófu sig um axlir náungans sé öll úr lagi gengin. Og svo er hitt, sem er jafnvel enn þá vandræðalegra, en það er þegar annar faðmarinn faðmar hinn og finnur að sá síðarnefndi hefði fremur viljað afþakka faðmlagið, ekki bara af æfingaleysi heldur líka af uppsafnaðri smitsjúkdómaklígju.

Húið
En svo er hitt að tapast, en það er húið, þetta séríslenska víkingaklapp sem verið hefur á mörkum sérviskufullrar sveitarómantíkur og þjóstugrar þjóðernisrembu. Gengi íslenska karlalandsliðsins hefur fallið eins og rússneska rúblan á undanförnum misserum og tap þess gegn C-landsliði Spánverja í gær er nokkurn veginn í samræmi við væntingarnar sem gerðar eru til liðsins þessa dagana, en það fær núna aldrei færri en tvö mörk á sig í leik á góðum degi. Fyrir vikið er húið okkar orðið lasið og lúið, næstum vandræðalega veikt. ■

Fjármálaáætlun á óvissutímum

Bjarkey Olsen
þingmaður Vinstri grænna

> Okkar markmið er að tryggja stöðu barnafjölskyldna og aðgengi að góðri þjónustu.

Ný-framkomin fjármálaáætlun styður við þá velsæld sem byggst hefur upp hér á síðustu árum þrátt fyrir heimsfaraldurinn og þær efnahagslegu ráðstafanir sem þurft hefur að ráðast í. Það er þó óhjákvæmilegt að umræðan hverfist um óvissuþætti. Bent hefur verið á skort á fjármagni til húsnæðismála, þrátt fyrir að 500 milljónum verði ráðstafað í þágu húsnæðisbóta til handa þeim sem verst standa á húsnæðismarkaði. Þá er vert að halda því til haga að ekki gengu öll framlög ríkisins til uppbyggingar til byggingar félagslegs húsnæðis út meðal annars vegna lóðaskorts, þrátt fyrir það voru það 7.000 fjölskyldur sem eignuðust sitt fyrsta heimili á liðnu ári og 22.000 á kjörtímabilinu.

Eðlilega er rætt um þá óvissu sem er uppi vegna innrásar rússneskra stjórnvalda í Úkraínu. En það er eins með stríðið og heimsfaraldurinn, ástandið er óhjákvæmilegt og við verðum einfaldlega að sníða okkur stakk eftir vexti. Í heimsfaraldrinum einsettum við okkur að milda efnahagsleg áhrif kreppunnar og minnka samdrátt í hagkerfinu og það höfum við gert. Það hefur ekki orðið nein stefnubreyting þar og því ekkert tilefni til að ætla að svo verði ekki áfram.

Okkar markmið er að tryggja stöðu barnafjölskyldna og aðgengi að góðri þjónustu. Í áætluninni er gert ráð fyrir eins milljarðs króna tímabundnu framlagi á ári í þrjú ár sem veitt verður til félagslegra úrræða í kjölfar faraldursins. Við höldum áfram að styrkja geðheilbrigðisþjónustu, ekki síst til að vinna gegn félagslegum og heilsufarslegum langtímaafleiðingum Covid-19. Á áætlunartímabilinu er sömuleiðis gert ráð fyrir auknum framlögum til endurskoðunar á örorkuhluta almannatrygginga þar sem áhersla verður lögð á starfsendurhæfingu og ýmis vinnumarkaðsúrræði.

Að lokum er það hið ærna verkefni sem fram undan er, að semja við launafólk um kaup og kjör. Það verður á næstu mánuðum okkar helsta viðfang. Við munum nálgast það verkefni eins og önnur undanfarin ár í góðu samtali við þá aðila. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Fjöruvernd og flugvallarpólitík

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa ákveðið að eyðileggja hluta fjörunnar í Skerjafirði. Það á að gera með uppfyllingu og einhvers konar nýrri gervifjöru út frá suðurenda Reykjavíkurflugvallar.

Málið er flókið af því að það tengist áralöngum deilum um flugvöllinn.

Bretar byggðu þennan flugvöll eftir að þeir hernámu Ísland og við misstum fullveldið um skamma hríð. Þannig er flugvöllurinn lifandi minnismerki um þann tíma þegar útlendingar fóru með fullveldisráðin.

Enginn hefur haldið því fram að flugvöllurinn eigi að varðveitast sem áminning um þá atburði. En stundum er þó engu líkara.

Samkomulag í lausu lofti

Deilan stendur um landnotkunina. Annars vegar eru þeir sem telja að landið verði best nýtt sem byggingarsvæði. Hins vegar eru þeir sem telja best að nota landið í þágu flugsamgangna.

Stefna Reykjavíkurborgar hefur legið fyrir um langan tíma. Borgaryfirvöld vilja nýta landið og byggja upp hverfi með íbúðum og fjölbreyttri þjónustu.

Í öndverðu var þessi stefnumótun samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu kjósenda í höfuðborginni þótt þátttakan hafi verið dræm. En niðurstaðan sýndi góða framtíðarsýn.

Ríkisvaldið hefur formlega fallist á stefnu borgaryfirvalda í Reykjavík. Það hefur um leið gert samkomulag um að gera nýjan flugvöll eftir skoðun á öðrum kostum. Á móti hafa borgaryfirvöld samþykkt að framlengja líftíma flugvallarins á meðan. Allt er þetta skynsamlegt.

Einhvern veginn virðist þetta samkomulag þó hanga í lausu lofti.

Ríkið stendur ekki við sitt

Í fyrsta lagi bendir ekkert til að innviðaráðherra ætli sér að finna flugvellinum nýjan stað. Hann er einfaldlega á móti breytingum. Í besta falli flýtir hann sér svo hægt að í raun mun engin hreyfing komast á málið að óbreyttu.

Því verður ekki séð að ríkisvaldið áformi að standa við samkomulagið.

Í annan stað hafa eldsumbrotin á Reykjanesi á síðasta ári sett strik í reikninginn. Hugsanlega dregur það úr kostum Hvassahrauns, sem einkum var litið til.

Gagnvart þeim, sem vita ekki meir um boltaleik borgaryfirvalda

og ríkisvaldsins með flugvöllinn en það sem fram kemur opinberlega, er eins og raunveruleikinn felist í því að flugvöllurinn fari ekki fyrr en sátt verður um að reka einn flugvöll fyrir innanlands- og millilandaflug á suðvesturhorninu.

Enginn talar þó fyrir slíkri sátt enn sem komið er. Með greiðari samgöngum gæti hún þó verið skynsamleg.

Athyglisvert er að enginn, ekki einu sinni fjármálaráðherra, ræðir kostnaðinn við að reka tvo stóra flugvelli nánast hlið við hlið með ekki meiri umferð en einn flugvöllur getur auðveldlega annað.

Rökin vantar

Þetta þrátefli um flugvöllinn milli borgaryfirvalda og ríkisins færir okkur aftur að þeirri ákvörðun að eyðileggja hluta fjörunnar í Skerjafirði.

Í ljósi loforða ríkisins um flutning flugvallarins er þegar risið íbúðahverfi í norðausturkrika flugvallarsvæðisins. Takmarkaður skilningur á náttúruvernd virðist ekki vera ástæðan fyrir því að eyðileggja á hluta fjörunnar í Skerjafirði vegna nýja hverfisins við suðurendann.

Rökin fyrir eyðileggingunni eru þau að landskikinn við flugbrautina sé of lítill og því verði hverfið ekki sjálfbært nema með uppfyllingu. Enginn dregur í efa að þetta sé rétt reiknað.

En við þessa röksemdafærslu er þó þetta tvennt að athuga:

> Pólitísk ábyrgð innviðaráðherra á sjálfheldunni er augljós.

Ef flugvöllurinn er á förum innan fárra ára eins og samkomulagið við ríkið gengur út á er meira en nægjanlegt pláss fyrir sjálfbært hverfi. Örfá ár í bið eftir því réttlæta ekki með nokkru móti eyðileggingu fjörunnar.

Séu hins vegar engar raunverulegar líkur á að flugvöllurinn fari vegna afstöðu ríkisins er einfaldlega ótímabært að byggja svæðið.

Ábyrgðarleysi ráðherra veitir ekki skjól

Augljóslega stendur upp á ríkisvaldið að framkvæma samkomulagið. Það er í sjálfheldu vegna forystuleysis ríkisstjórnarinnar.

Pólitísk ábyrgð innviðaráðherra á sjálfheldunni er augljós. Það ábyrgðarleysi veitir borgaryfirvöldum aftur á móti ekki skjól til að eyðileggja fjöruna.

Faxaflóahafnir eyðilögðu nýlega hluta fjörunnar við innanvert Laugarnes með landfyllingu. Það var mikil skemmd á þeim friðsæla og lítt snortna reit í borgarlandinu.

Ástæðulaust er að endurtaka þau mistök. ■

Sterkt sveitarfélag fjárfestir í þágu íbúa

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs

Geta sveitarfélaga til að ráðast í framkvæmdir og bæta þjónustu ræðst af stöðu bæjar- eða borgarsjóðs. Ef sveitarfélög standa sterk, geta þau staðið fyrir kraftmiklum fjárfestingum þegar á þarf að halda. Reykjavík, sem langstærsta og langöflugasta sveitarfélag landsins, hefur á undanförnum árum gefið kröftuglega í hvað varðar framkvæmdir, því við höfum haft möguleikana til þess. Fjölskyldur, atvinnulífið og hagkerfið allt hefur þurft á innspýtingu og stuðningi að halda og við því var brugðist.

Hægt er að sjá, af hve mikilli festu var brugðist í samantektum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á vef Sambandsins sést að sveitarfélögin öll og fyrirtæki þeirra stefna að því að fjárfesta fyrir tæpa 92 milljarða á þessu ári, umfram það sem þau ætla að selja af eignum.

Reykjavík stendur fyrir helmingi fjárfestinga

Fjárfesting Reykjavíkur og fyrirtækja hennar 2022 verður, samkvæmt þessu, 49% af heildarfjárfestingum sveitarfélaga. Á sama tíma eru öll önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með 15% hlut. Þar er stærst Kópavogur með 7% fjárfestinga og Garðabær með um 5%, aðeins minna en framlag Árborgar til heildarfjárfestinga sveitarfélaga. Þetta er ekki einsdæmi.

Í fyrra voru fjárfestingar Reykjavíkur og fyrirtækja hennar um 57% af heildarfjárfestingum sveitarfélaga. Samanlagt framlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til fjárfestinga, utan Reykjavíkur, var 12%.

Fjármálaráðherra óskaði eftir því að sveitarfélögin myndu taka þátt í að halda uppi atvinnulífi og fjölskyldum landsins, með því að auka við fjárfestingar. Svo virðist sem Reykjavík ein hafi hlustað hér á höfuðborgarsvæðinu og nýtt stærð sína og krafta til að styðja við aðgerðir ríkisins til að ýta efnahag Íslands upp úr efnahagslegum öldudal. Á sama tíma virðist sem ákall Bjarna hafi verið sett fram fyrir daufum eyrum bæjarstjórna hér í kring, sem öllum er stjórnað af Sjálfstæðisflokknum.

Með lægsta skuldahlutfallið

Þegar horft er á skuldahlutfall borgar- og bæjarsjóða á höfuðborgarsvæðinu í fjárhagsáætlunum 2022, er augljóst af hverju það stafar. Skuldahlutfall borgarsjóðs er mun lægra en annarra og hefur því meira rými til fjárfestinga. Hæst verður hlutfallið á Seltjarnarnesi, 142%. Í Hafnarfirði verður hlutfallið 135%. Í Mosfellsbæ verður hlutfallið 124%. Í Kópavogi verður hlutfallið 122%. Í Garðabæ verður hlutfallið 120%. Reykjavík rekur svo hér lestina með lægsta skuldahlutfall borgar- og bæjarsjóða, sem verður 114%.

Vegna stöðu sinnar hefur Reykjavík haft mikið rými til að fara í skynsamar fjárfestingar sem mun bæta þjónustu og einfalda lífið í borginni. Við höfum haft rými til að stórauka framlög til skóla og leikskóla og fara í stórátak í viðhaldsmálum skóla. Til að fjárfesta í stafrænni þjónustu sem mun umbylta allri þjónustu borginnar og vísa veginn fyrir önnur sveitarfélög. Við höfum haft rými til að fjárfesta með íþróttafélögum í íþróttamannvirkjum, byggja nýja sundlaug í Úlfarsárdal, endurhanna borgarrými og gera umhverfið okkar allt meira aðlaðandi.

Verkefni á komandi kjörtímabili

Það verða fjölmörg verkefni á næstu fjórum árum sem þarf að taka föstum tökum. Við höfum verið í stórátaki í fjárfestingum. Það átak á ekki að vara langt inn í verðbólgutíma og ef skortur verður hér á starfsfólki.

Við höfum undirbúning á sölu á Malbikunarstöðinni Höfða, sem þarf að klára. Þá er vert að skoða hvort betra sé að kaupa þjónustu einkaaðila til að sinna sumum öðrum verkefnum borgarinnar. Það á að vera forgangsatriði að þjónustan sem borgin veitir sé góð og sinnt af virðingu við borgarbúa. Það á að skipta minna hver greiðir þeim starfsmönnum laun og launatengd gjöld. ■

Af hverju ræðst Rússland á Úkraínu? Er Kreml flækt í hjól sögunnar?

Sergii Iaromenko
dósent við Hagfræðiháskóla Odesu í Úkraínu

Sögulega réttlætingu á ofríki Rússa gagnvart Úkraínu má rekja til hugmyndarinnar um hið mikla Rússland sem mótaðist í Moskvuríki á 14.-16. öld. Kenning þessi á sér nokkrar meginstoðir. Hin fyrsta kveður á um að Moskvuríki eigi tilkall til þeirra landa sem áður heyrðu undir Kænugarð og Rús. Útþenslu Moskvuríkis voru engin takmörk sett – ekki frekar en útþenslu rússneska heimsveldisins eða Sovétríkjanna síðar meir. Þessi gegndarlausa útþensla var afsprengi tatarskrar eða mongólskrar stjórnsýslu sem byggði á lóðréttum valdastrúktúr: aðal khaninn var sá sem allir greiddu skatt, á hann reiddi fólk sig í skilyrðislausri undirgefni. Stjórnsýsla Rússlands hefur í aðalatriðum verið rekin með sama hætti fram á þennan dag.

Önnur meginforsenda hins mikla Rússlands grundvallast á trú. Kristnitakan átti sér stað á jöðrum Rússlands, í Kænugarði. Trúin varð í auknum mæli að valdatæki á 17. öld, samfara útþenslu Moskvuríkis til vesturs. Á þessu skeiði glötuðu úkraínsk svæði sínum höfuðstað og lönd í Hvíta-Rús, að megninu til grískkaþólsk, voru þvinguð undir valdsvið rétttrúnaðarins með höfuðstöðvar sínar í Moskvu. Í hönd fóru aldir þar sem trúarstofnanir urðu boðberar kenningarinnar um hið mikla Rússland, hina þríeinu þjóð [þ.e. Rússland, Hvít-Rús og Úkraínu – aths. þýð.], krýningu nýrra keisara og innlimun landsvæða sem áður tilheyrðu Hvíta-Rús og Úkraínu. Þá voru flestallir klerkar og meðlimir sveitarstjórna (zemstvo) rússneskumælandi.

Þriðja meginstoðin undir hið mikla Rússland fólst í krýningu keisarans. Á 14.-18. öld mótaðist sú hugmynd að rekja mætti keisaraveldið aftur til rómversks ellegar býsansks uppruna. Sú hugmynd umbreyttist í kenninguna um hina þriðju Róm sem bæri að endurreisa – frá mærum Kænugarðs til hinnar mikilfenglegu „rússnesku“ þjóðar. Eins þótt þessi hugmynd hafi tekið breytingum í aldanna rás hefur hún eigi að síður lifað af hrun Sovétríkjanna og þjónar enn í dag sem vegvísir að hinni útvöldu braut Rússlands – hinnar þríeinu þjóðar, sameiginlegrar sögu hennar og sameiginlegrar kirkju.

Hugmyndin um þriðju Róm tengist með beinum hætti úkraínsku svæðunum. Kristnitakan í Kænugarði, helgir gripir og Rús – þetta er allt saman langt í burtu frá Moskvu, eða við bakka Dnípro-fljótsins.

Þrátt fyrir langvarandi tilburði rússneskra stjórnvalda til innlimunar og brenglunar á sögulegum staðreyndum hafa úkraínsk þjóðarbrot ítrekað lýst yfir sjálfstæði. Í sögulegum heimildum, einkum vestrænum, er „Rús“ og „Rússland“ iðulega lagt að jöfnu. Vert er að staldra við þetta atriði: Rússar eru ekki með beinum hætti skyldir íbúum Kænugarðs eða Rús. Það er þetta sem veldur forseta Rússlands áhyggjum – í þessu sögulega samhengi kristallast áskorunin gagnvart Úkraínu, að hans mati.

Vladímír Pútín lítur ekki á Úkraínu sem sjálfstætt ríki. Þetta hefur ítrekað komið fram opinberlega hjá rússneskum stjórnvöldum, og eins á leiðtogafundi NATO í Búkarest árið 2008. Rússar verja söguskoðun sína með kjafti og klóm. Samkvæmt Kreml er Úkraína sýsla sem gert hefur uppreisn gegn valdamiðjunni, og nú ríður á að lægja öldurnar. Opinber niðurlæging og valdbeiting hefur löngum verið beitt gagnvart fyrrum Sovétlýðveldum og héruðum rússneska keisaradæmisins.

Lýðfræðilegi þátturinn og langvarandi hnignun rússneska þjóðarbrotsins innan sjálfs Rússlands tengjast með beinum hætti: Í Kákasus hefur orðið sprenging í fæðingartíðni, sem og í vestanverðri Síbiríu. Þorp í nágrenni Moskvu týna tölunni en ekki í Úkraínu. Á ríður að viðhalda velmegun í Rússlandi með því að grípa til innlimunar. Þá rennir her og iðnaður hýru auga til svæða á borð við Lúgansk, Kharkív, Dnípro, Saporísjía og Kænugarðs. Í Odesu er lykilhöfn að Svartahafi. Rússar hafa ekki yfir stöndugri höfn að ráða á þessum slóðum: Höfnin í Novorossísk er klemmd á milli sjávar og lægri fjallshryggja Kákasuss; umferð um hafnarsvæðið er takmörkuð á haustin og veturna sakir sterkra vinda frá skógunum.

Hvers vegna er Pútín jafn heltekinn af sögunni og raun ber vitni? Án efa er það vegna þess að þannig getur hann skýrt fyrir mér, þér og Rússum að ofríki Rússa eigi sér sögulega réttlætingu. Lýsingar Pútíns á klofinni þjóð sem beri að sameina skilgreinir Úkraínumenn sem tala rússnesku – í krafti þeirrar Rússa-væðingar sem átt hefur sér stað – sem Rússa. Þessi aðferð gerir honum kleift að viðhalda málstað hinnar þríeinu þjóðar sem tilheyri einu og sama ríkinu. Á fundi öryggisráðsins í Rússlandi varð enn eina ferðina ljóst að rússneska elítan lítur ekki á Úkraínu sem sjálfstætt ríki. Undir því falska flaggi að Lenín hafi búið til Úkraínu leitast Pútín við að réttlæta fyrir forréttindastéttum og Rússum almennt að Úkraína sé gerviríki sem hafi engan tilverurétt.

Staðan sem verið hefur uppi á teningnum frá árinu 2014 er liður í sögu sem rekja má aftur til hruns rússneska keisaraveldisins og valdatöku bolsévika. Í þeim hildarleik naut Úkraína ekki stuðnings Vesturlanda; hún var berskjölduð gagnvart nágranna sínum í austri. Í hönd fóru tímar þar sem þjóðin stóð af sér þrjár hungursneyðir, hundruð þúsunda urðu landflótta, vettvangi menntamanna var sundrað og úkraínsk tunga var enn eina ferðina bönnuð.

Hið tvísýna stríð sem Rússar heyja gegn Úkraínu hófst 24. febrúar 2022. Enda þótt stríðið kunni að dragast á langinn má ljóst heita að breyting hefur orðið á úkraínsku samfélagi. Meira að segja í rússneskumælandi héruðum mætir árásarliðið mótstöðu og mótmælum þar sem úkraínski fáninn er reiddur á loft. Rússland hefur beðið ósigur í upplýsingastríðinu en ekki er útséð um hernaðarlega eða pólitíska útkomu stríðsins. Ef veldi Pútíns fellur mun það hafa dómínóáhrif á geópólitískar umbreytingar í fyrrum Sovétlýðveldum. Þess vegna reynir Rússland með öllum tiltækum ráðum að snúa gangi stríðsins sér í hag, en hefur ekki unnið neina skjótfengna sigra. ■

Karlmaður með varalit

Hólmsteinn Eiður Hólmsteinsson
starfsmaður á leikskóla

Ég varð fimmtugur hinn 8. janúar síðastliðinn. Þannig er ég orðinn miðaldra karl, gagnkynhneigður, miðaldra karl. Ég hef aldrei efast um kynhneigð mína, en ég er hugsi. Ég er hugsi yfir þeim óskráðu samfélagsreglum, sem mér ber að hlíta. Ein af þeim óskráðu reglum hljóðar þannig að ég eigi ekki að setja á mig bleikt naglalakk. Fyrir nokkrum árum valdi ég að brjóta þá reglu og geng því um með bleikt naglalakk, þegar mér sýnist. Ég er að vinna á leikskóla og mér finnst mikilvægt að börnin sjái að miðaldra karl eins og ég hafi þetta val um að setja á sig bleikt naglalakk.

Og óskráðu samfélagsreglurnar, sem mér ber að hlýða, eru fleiri. Þegar ég var lítill drengur horfði ég með mikilli aðdáun á snyrtidótið hennar mömmu. Mér fannst eitthvað svo heillandi að sjá ilmvötnin hennar og allar snyrtivörurnar. Það heillaði mig sérstakega að sjá varalitina. Ég man hvað mig langaði mikið til að reyna þessar snyrtivörur, en ég vissi að það var alveg forboðið. Ég var meðvitaður um að litlar stúlkur áttu ekki að setja á sig varalit og aðrar snyrtivörur, einungis eldri stúlkur, en fyrir drengi var það algjörlega bannað. Það sögðu samfélagsreglurnar og ég átti að gera eins og þær sögðu.

Það var síðan á unglingsárunum, sem mig langaði oft til að setja á mig snyrtivörur eins og jafnaldra stúlkur. Og þrátt fyrir að löngunin væri sterk, lét ég ekki verða af því. Samfélagsreglurnar sögðu mér að það væri útilokað. Þetta var eitthvað, sem unglingsstrákar gerðu aldrei og í raun máttu ekki gera. Mér er í fersku minni hvað ég öfundaði stúlkurnar af að mega setja á sig varalit, púður, naglalakk, augnskugga og fleira. Þetta var allt svo litríkt og þetta var allt svo spennandi. Og fyrir mig var þetta óheimilt. Ég velti fyrir mér öllu aðkastinu, sem ég yrði fyrir ef ég reyndi til að mynda að varalita mig. Þetta voru samfélagsreglurnar.

Og núna er ég orðinn miðaldra karl. Og ég spyr mig að því af hverju gagnkynhneigður, miðaldra karl eins og ég megi ekki setja á sig varalit, naglalakk, maskara, augnskugga og fleira. Ég fæ ekkert svar. Það er vegna þess að það er ekkert svar. Þetta er vitleysa. Ég segi að gagnkynhneigður, miðaldra karl eins og ég megi setja á sig naglalakk og varalit. Ég segi að hann megi setja á sig maskara, augnskugga og púður.

Ég set á mig bleikt naglalakk. Og fyrir nokkru síðan fór ég í verslunina Stellu í Bankastræti og keypti mér varalit, hárauðan varalit. Ég valdi þann lit af því að ég vil segja: „Ég má þetta.“ Og ég er farinn að ganga um með rauðan varalit; bleikt naglalakk og rauðan varalit. Og ég keypti mér maskara og augnabrúnablýant. Ég á eftir að kaupa mér fleiri gerðir af litríkum varalit, ég á eftir að kaupa mér augnskugga og púður. Já, sem gagnkynhneigður, miðaldra karl á ég eftir að gera margt fleira skemmtilegt.

En hvað með samfélagsreglurnar? Ég hugsa til litla drengsins Eiðs og unglingsins Eiðs þegar ég reyni að leggja mitt af mörkum til að breyta þeim. ■

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali

Hjólafesting
á bíl
frá 3.995

Viðgerðar-
kollur
9.995

44.995
Vélagálgi 2T

Jeppatjakkur
2.25T
19.999

Viðgerðarbretti
9.995

Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

AirBrush
loftdæla
19.995

6T Búkkar
605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

Mikið úrval af bensínbrúsum

frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum

Steðjar í
miklu úrvali



7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi
angle
6.985

14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

5.995
Verkfærasett
108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Bón og bílavörur
í miklu úrvali

Verðmæta-
skápar
frá 4.995

2xLED
kastari á
standi
9.999

Lyklabox
í miklu
úrvali

4.995
Verkfærasett

2.985
Barnaverkfærasett

Lím-
byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir

13.995
Flísasög 80mm

Stigar og
tröppur í úrvali

Fjölsög
Höfftech

5.999

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm

19.995
Metabo
KS216 bútsög

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16

Spá Fréttablaðsins

1. sæti	?	5. sæti	?	9. sæti	KA
2. sæti	?	6. sæti	?	10. sæti	ÍBV
3. sæti	?	7. sæti	ÍA	11. sæti	Keflavík
4. sæti	?	8. sæti	Leiknir R	12. sæti	Fram

Aðeins 18 dagar í Bestu deildina

Besta deild karla fer af stað eftir 18 daga. Mikil spenna er fyrir deildinni í ár sem leikin er með nýju fyrirkomulagi, eftir tvær umferðir verður deildinni skipt í tvennt og þar leika liðin fimm leiki. Sex bestu lið deildarinnar mætast þá einu sinni og sex slakari liðin mætast einu sinni. Fréttablaðið hefur stokkað spilin fyrir neðri hlutann og spáir í spilin. Spáin heldur svo áfram í næstu viku þar sem farið verður ítarlega í bestu lið deildarinnar. ■

Þeir sem munu skemmta áhorfendum

Guðjón Pétur Lýðsson stjarnan

Í liðunum sem Fréttablaðið spáir að endi í neðri hlutanum má þó finna marga spennandi leikmenn. Hjá Leikni er Daníel Finns sem hefur þó aldrei sannað sig í efstu deild. Jón Þór, þjálfari ÍA, kann að trekkja framherja í gang og fá þá til að skora mörk. Það eru því meiri líkur en minni að Viktor Jónsson verði í stuði og skori meira en fimm mörk. Hann er líka frábær tónlistarmaður – kannski verður þetta sumarið hans.

Þeir eru samt spurningarmerki. Sá sem mun krydda tímabilið með sendingum og fallegum mörkum er Guðjón Pétur Lýðsson, leikmaður ÍBV. Hann mun lita sumarið fallegum litum. Það má setja (staðfest) fyrir aftan þá setningu. Guðjón er búinn að vera frábær síðan hann kom í ÍBV, byrjaður að byggja á eyjunni og taka til hendinni. Þannig líður honum best. Hann mun taka þá vellíðan inn í sumarið. ■

» Guðjón útskrifaðist af húsasmíðabraut frá Iðnskólanum í Reykjavík.

Spá Fréttablaðsins fyrir Bestu deildina

7. sæti

Skagamenn mæta til leiks með nýjan þjálfara en í upphafi árs ákvað Jóhannes Karl Guðjónsson að hætta og gerast aðstoðarþjálfari landsliðsins. Jón Þór Hauksson var kallaður til en hann gerði vel með Vestra í Lengjudeildinni á síðasta ári, Jón Þór þekkir hverja þúfu á Akranesi og kemur með ferskan andvara inn í starfið. Liðið hefur styrkt sig með þremur leikmönnum frá Val og þá kemur Aron Bjarki Jósepsson með mikla reynslu inn í varnarlínuna.

▲Komnir/farnir▼

▲ Aron Bjarki Jósepsson
▲ Christian Köhler
▲ Johannes Vall
▲ Kaj Leo í Bartalsstovu
▲ Oliver Stefánsson
Á láni frá Víkingi
▼ Ísak Snær Þorvaldsson
▼ Óttar Bjarni Guðmundsson
▼ Sindri Snær Magnússon
▼ Aron Kristófer Lárusson
▼ Elias Tamburini
▼ Hákon Ingi Jónsson
▼ Ólafur Valur Valdimarsson
▼ Dino Hodzic

Lykilmaðurinn
Kaj Leo í Bartalsstovu

Besta deildin verður með breyttu sniði í ár en búast má við að spennan á toppi og botni verði gríðarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

8. sæti

Sigurður Heiðar Höskuldsson virðist ætla að halda áfram að vinna gott starf í Efra-Breiðholti. Eftir að Sævar Atli Magnússon fór á síðasta tímabili var sóknarleikur liðsins lamaður. Þrír erlendir leikmenn eiga að fylla í það skarð og Daníel Finns hefur bætt leik sinn mikið. Stærsta spurningarmerkið er í markinu en Guy Smit fór í Val og öll pressan er á hinum unga Viktori Frey Sigurðssyni, hann á aðeins tvo leiki að baki í tveimur efstu deildunum.

▲Komnir/farnir▼

▲ Óttar Bjarni Guðmundsson
▲ Sindri Björnsson
▲ Maciej Makuszewski
▲ Mikkel Dahl
▲ Mikkel Jakobsen
▲ Róbert Hauksson
▲ Birgir Baldvinsson
Lán frá KA
▼ Guy Smit
▼ Manga Escobar
▼ Octavio Paez
▼ Ernir Bjarnason
▼ Máni Austmann Hilmarsson
▼ Sólon Breki Leifsson

Lykilmaðurinn
Daníel Finns Matthíasson

9. sæti

Arnar Grétarsson fer inn í sitt annað heila tímabil sem þjálfari KA með mikið af spurningarmerkjum. Meiðsli hafa sett stórt strik í reikninginn á undirbúningstímabilinu. Liðið hefur aðeins bætt við sig Bryan Van Den Bogaert frá Belgíu en hann er nú meiddur. Hallgrímur Mar Steingrímsson sem er besti leikmaður liðsins hefur glímt við meiðsli og Haukur Heiðar Hauksson er hættur vegna meiðsla. Allt þarf að smella saman svo KA nái að koma sér í efri hlutann.

▲Komnir/farnir▼

▲ Bryan Van Den Bogaert
▼ Haukur Heiðar Hauksson
▼ Mark Gundelach
▼ Mikkel Qvist

Lykilmaðurinn
Hallgrímur Mar Steingrímsson

10. sæti

Hermann Hreiðarsson er mættur heim til Vestmannaeyja og fær það verkefni að halda liðinu uppi í efstu deild. ÍBV hefur mikla reynslu í sínum herbúðum en hópurinn er þunnskipaður og má illa við skakkaföllum. Lið sem hefur Eið Aron Sigurbjörnsson, Guðjón Pétur Lýðsson og Andra Rúnar Bjarnason á hins vegar ekki að falla úr deildinni. Takist Hermanni að skapa stemmingu og samstöðu innan sem utan hópsins geta Eyjamenn látið sig dreyma um að enda ofar.

▲Komnir/farnir▼

▲ Alex Freyr Hilmarsson
▲ Andri Rúnar Bjarnason
▲ Guðjón Orri Sigurjónsson
▲ Halldór Jón Sigurður Þórðarson
▼ Gonzalo Zamorano
▼ Breki Ómarsson
▼ Seku Conneh

Lykilmaðurinn
Eiður Aron Sigurbjörnsson

11. sæti

Valdabarátta utan vallar eftir síðasta tímabil endaði með því að Sigurður Ragnar Eyjólfsson stýrir liðinu einn í sumar. Patrik Johannesen framherji frá Færeyjum hefur raðað inn mörkum í vetur, ef hann og Joey Gibbs tengja saman verður sóknarlína Keflavíkur erfið við að eiga. Eru með stærri hóp en á síðustu leiktíð og stefna á allt annað en fall úr Bestu deildinni. Sindri Kristinn Ólafsson var frábær í markinu á síðustu leiktíð og þarf að halda uppteknum hætti.

▲Komnir/farnir▼

▲ Sindri Snær Magnússon
▲ Dani Hatakka
▲ Ásgeir Páll Magnússon
▲ Ernir Bjarnason
▲ Patrik Johannesen
▲ Rúnar Gissurarson
▼ Christian Volesky
▼ Davíð Snær Jóhannsson
▼ Ástbjörn Þórðarson
▼ Oliver Kelaart

Lykilmaðurinn
Sindri Kristinn Ólafsson

12. sæti

Bættu við sig danska framherjanum Jannik Pohl í vikunni en ólíklegt er að sá maður geti framreitt kraftaverk. Framarar eru mættir aftur í deild þeirra bestu en frammistaðan í vetur innan sem utan vallar hafa valdið vonbrigðum. Hafa misst tvo lykilmenn frá síðasta ári og óvíst er hversu öflug styrkingin hefur verið. Jón Sveinsson þjálfari Fram þarf að matreiða kjúklingasalat úr kjúklingaskít ef honum á að takast að halda Fram í Bestu deildinni.

▲Komnir/farnir▼

▲ Jannik Pohl
▲ Jesús Yendis
▲ Tiago Fernandes
▼ Danny Guthrie
▼ Haraldur Einar Ásgrímsson
▼ Kyle McLagan

Lykilmaðurinn
Albert Hafsteinsson

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 31. mars 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

TOPPAR
KR. 3.990.- STR. S-XXL

JAKKAR
KR. 9.900.- STR. S-XXL

Rita
Bæjarlind 6
S. 554 7030

Betri húð með TARAMAR

Valdís notar íslensku TARAMAR húðvörurnar til að verja húðina gegn rakatapi þegar hún flýgur enda halda þær góðum raka í húðinni. Hún finnur mikinn mun á húðinni. **2**

TARAMAR vörurnar hafa virkað sérstaklega vel fyrir mig og ég nota bæði Dagkremið og Næturkremið, segir Valdís Sigurgeirsdóttir flugfreyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



„Mér finnst öll þessi krem mjög góð undir farða og ekki er verra að þau eru svo hrein og gerð úr íslensku vatni og jurtum," segir Valdís Sigurgeirsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Valdís Sigurgeirsdóttir er flugfreyja og segir að eitt af vandamálunum við að fljúga sé að loftið um borð getur orðið þurrt og húðin vilji þorna mikið. „TARAMAR vörurnar hafa virkað sérstaklega vel fyrir mig og ég nota bæði dagkremið og næturkremið til að halda góðum raka í húðinni. Ég hef einnig notað augnkremið og upplifi það á mjög jákvæðan hátt. Kremið hefur svo mikil og góð áhrif á húðina, lyftir henni og lýsir upp allt augnsvæðið. Mér finnst öll þessi krem mjög góð undir farða og ekki er verra að þau eru svo hrein og gerð úr íslensku vatni og jurtum."

Vildarklúbbur TARAMAR

TARAMAR vildarklúbburinn er mjög sérstakt fyrirbæri í íslenskri sprotamenningu. Í dag eru rúmlega 4.000 manns í klúbbnum og á hverjum degi bætast við 10-40 manns. Frábær vildarkjör fylgja með inngöngu í klúbbinn en innritun, sem er ókeypis, fer fram á vefsíðu TARAMAR (taramar.is). Við inngöngu fá vildarklúbbsmeðlimir 5.000 punkta (hver punktur er 1 króna) sem þeir geta notað strax til að kaupa vörur hjá fyrirtækinu, segir Viðar Garðarsson markaðsstjóri TARAMAR. „Hugmyndin með vildarklúbbnum er að gefa þeim Íslendingum sem nota TARAMAR vörunar tækifæri á að fylgjast með þróun og nýsköpun hjá félaginu sem og að vinna sér inn vildarkjör sem veita afslætti allt að 48%. Þannig hækka afslættirnir úr 15% (bronz aðild þegar kaup síðustu 12 mánaða hafa náð 25.000 krónum) í 25% (silfur aðild) og 40% (gull aðild þegar kaup síðustu 12 mánaða ná 150.000 krónum)."

Auk þessa fá viðskiptavinir vildarpunkta í hvert skipti sem þeir versla en þeir nema 2-8% af kaupverðinu, að sögn Viðars. „Þessir punktar leggjast inn á vörslureikning vildarklúbbsmeðlima, sem þeir geta síðan notað næst þegar þeir versla. Því geta afslættir numið allt að 48% hjá gull meðlimum. Einnig eru oft sérstök tilboð í gangi fyrir vildarklúbbsmeðlimi og því mörg tækifæri til að gera frábær kaup."

Vildarklúbbsmeðlimir taka þátt í prófunum

TARAMAR vörurnar eru þróaðar af prófessorum við Háskóla Íslands og byggja á rannsóknum í matvæla- og næringarfræði. „TARAMAR eru taldar vera með hreinustu húðvörum sem völ er á. Sérstaða þeirra felst í því að þessar vörur innihalda mikla lífvirkni sem mótar og heilar húð um leið og þær eru afburða hreinar og í raun svo hreinar að það mætti leggja þær sér til munns."

Alveg frá upphafi hefur TARAMAR unnið mjög náið með viðskiptavinum og neytendum TARAMAR varanna, segir Viðar. „Strax árið 2015 þegar TARAMAR fór inn á íslenska markaðinn var ljóst að það var mikill áhugi á að fá að fylgjast með þróun og nýsköpun hjá félaginu. Þannig hafa vildarklúbbsmeðlimir tekið þátt í mörgum prófunum og könnunum og haft áhrif á þróun varanna. Sumar af TARAMAR vörunum eru að öllu leyti þróaðar eftir óskum vildarklúbbsmeðlima okkar."

Vildarklúbbsmeðlimir fá fyrstir að prófa

Á þessu ári koma margar nýjar vörur frá TARAMAR, að sögn Viðars. „Efst á blaði eru ICEBLU vörurnar sem eru þróaðar í samstarfi við VAXA Life á Hellisheiði. Þær byggja á lífvirkni bláa Phycoscyanine próteinsins sem er unnið er úr spírulínaþörungum sem VAXA ræktar með sérstakri tækni í verksmiðjunni sinni á Hellisheiði.

> **TARAMAR eru taldar vera með hreinustu húðvörum sem völ er á. Sérstaða þeirra felst í því að þessar vörur innihalda mikla lífvirkni sem mótar og heilar húð um leið og þær eru afburða hreinar.**

Þróunin á þessum vörum er styrkt af Lóusjóðnum og fyrsta reynsla af vörunum hefur gefið gríðarlega spennandi niðurstöður. Þessar vörur verða fyrst kynntar í vildarklúbbnum og þar fá vildarklúbbsmeðlimir tækifæri til að setja þær í körfuna sem kaupauka þegar þeir kaupa TARAMAR vörurnar." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

YEST/YESTA pífukjóll
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-54
Verð 12.980 kr

YEST/YEST kjóll með pólókraga
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

ZE-ZE Nano kjóll
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

IVY BEAU kjóll
Stærðir 36-48
Verð 12.980 kr

IVY BEAU Nisren kjóll
Stærðir 36-46
Verð 12.980 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic OPHILIA

YESTA síð skyrta
Stærðir 44-52
Verð 10.980 kr

YEST/YEST tunika
Stærðir 38-52
Verð 11.980 kr

ES&SY skyrta
Stærðir 36-46
Verð 6.980 kr

YEST Gallapils
Stærðir 38-48
Verð 8.980 kr

ICONA stuttermabolur
Stærðir 38-52
Verð 13.980 kr

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP® SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN tamaris Handberg Jana®

ZE ZE Somaz úlpujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð 11.990 kr

YEST/YESTA peysukápa
Stærðir 38-54
Verð 15.980 kr

ZHENZI Twist Stretchbuxur
með vösum
Fást í fleiri litum Stærðir 42-52
Verð 7.990 kr

ROBELL Nena 09 ökklabuxur
Stærðir 34-52
Verð 11.980 kr

Silja hliðartaska
Fæst líka í svörtu, hvítu og lillabláu
Stærð 31*11*22cm
Verð 8.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Þokkafullir hrútar sem daðra við tískuna

Tími hrútanna er nú í algleymi en þeir eru þekktir fyrir aðdáunarverðan stíl og að skapa ný tískutrend.

thordisg@frettabladid.is

Hrútsmerkið er það fyrsta í dýrahringnum. Forn-Egyptar tengdu stjörnumerkið við guðinn Amon Ra sem var maður með hrútshöfuð og sagður tákna frjósemi og sköpun. Það rímar ágætlega við þá staðreynd að hrútar eru oft ábyrgir fyrir að koma af stað nýju tískutrendi, eins og til dæmis mars-skvísurnar heimsfrægu Lady Gaga og Sarah Jessica Parker, sem báðar eru fæddar í hrútsmerkinu, eru þekktar fyrir.

Þeir sem eru fæddir með sól í hrúti eða rísandi hrútar kjósa látlausan en áberandi tískufatnað sem enginn getur fett fingur út í. Hrútsmerkið stjórnar höfðinu og vilja margir hrútar því gjarnan skarta hatti eða hárskrauti, eða klæðast einlitum flíkum með fylgihlutum í djörfum litum sem fá aðra til að horfa á þá og þrá.

Húfur og hermannaklæði.

Hrúturinn er eldmerki, ákaft og ástríðufullt, og fer einkar vel að klæðast rauðu. Þeir eru meira fyrir að daðra við tískuna á sinn sjálfstæða hátt í stað þess að fylgja hjörðinni eftir þegar kemur að tískustraumum. Þeir leiða tísku og trend en forðast þó fjöldaframleiðslu og kjósa frekar að klæðast flíkum eftir minna þekkta hönnuði eða unga og upprennandi.

Flottir hattar, svartur stuttur kjóll, háir hælar, rauður fatnaður, kakí, strigaskór, camouflage-jakki eða buxur, æfingagalli, strigaskór, second-hand flíkur, hjólajakki og há stígvél eru meðal þess sem einkennir klæðnað hrúta sem eiga það sameiginlegt sem stjörnumerki að vera kynþokkafullir, hugrakkir, heiðarlegir, hvatvísir, ástríðufullir, ævintýragjarnir og fullir sjálfstrausts. Þeir kunna því illa að vera niðurnjörvaðir, þeim leiðist líka auðveldlega og sækja í dýnamískar og orkugefandi upplifanir.

Hrútar eiga bágt með að fela sig í fjöldanum því þeir vekja yfirleitt eftirtekt fyrir sterkan persónuleika sem dregur aðra að sér, sem og aðdáun annarra fyrir áberandi fas. Því er engin furða að frægir hrútar, eins og söngdívurnar Celine Dion, Mariah Carey og Reba McEntire fylli heilu þjóðarleikvangana með sjarma sínum, krafti og útgeislun, og óhætt að segja að hrútar ráði vel við miskunnarlausan heim frægðar og frama, því þeir mæta því sem heimurinn færir þeim af öryggi, stæl og einstakri fagurfræði, eins og sjá má hjá hrútunum Elton John, Lil Nas X og Lady Gaga. ■



Lady Gaga er ein af skrautlegri konum samtímans og sannur hrútur þegar kemur að sjálfstæði í stíl.

Mars-hrúturinn Sarah Jessica Parker er ein af mestu skvísum heimsins. Hún sýnir hér og sannar að rautt er einkennislitur hrútsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dívan Mariah Carey elskar svarta litla kjóla eins og títt er um hrúta.

Hrútsskvísur vilja himinháa hæla.

FRÉTTABLAÐIÐ

Myndlist á Íslandi

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 31. mars 2022

Kynningar: Gallerí Fold, Kópavogur, Apollo art



Maddý Hauth sýningarstjóri og Jóhann Ágúst Hansen framkvæmdastjóri gallerísins segja spennandi sýningar handan við hornið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt að lifna við hjá Gallerí Fold

Gallerí Fold verður 30 ára í ár og verða ýmsir viðburðir á árinu því tengdir. Hápunktur afmælisársins verður dagskrá á Menningarnótt og hátíðarsýning á verkum Möggu Rutar Eddudóttur sem verður opnuð í byrjun ágúst. Fram undan nú í vor eru tvær stórar sýningar, önnur á verkum Þorra Hringssonar og hin á olíuverkum eftir Erró. **2**

Það er allt að lifna við þessa dagana í sýningarhaldi hjá Gallerí Fold eftir róleg tvö ár. Maddý Hauth sýningarstjóri og Jóhann Ágúst Hansen framkvæmdastjóri gallerísins segja spennandi sýningar handan við hornið.

„Núna 9. apríl opnar Þorri Hringsson sýningu, en síðasta sýningin hans hjá okkur var fyrir þremur árum. Þorri er vinsæll listamaður en hann málar raunsæis-landslagsmálverk," segir Maddý.

„Hann er búinn að vera að undirbúa þessa sýningu í tvö ár svo það verður spennandi að sjá hana loksins," skýtur Jóhann inn í.

„Síðan í maí verður stór sýning á verkum Errós. Sú sýning er í samstarfi við franskt gallerí í Strassborg en þaðan berast meðal annars olíuverk og djúpþrykkt verk eftir Erró," segir Maddý.

Sýningin er sölusýning og Jóhann segir það svolítinn viðburð að fá svo mörg olíuverk til sölu hér á landi.

„Á sýningunni verða einnig djúpþrykk og önnur þrykk eftir Erró til sölu, í öllum stærðum og gerðum," segir hann.

„Erró verður 90 ára á árinu. Þetta er ekki beint afmælissýning en hún verður haldin í kjölfarið á stórri afmælissýningu á Listasafni Reykjavíkur."

Í Gallerí Fold er mikið úrval listaverka til sölu. Þetta olíumálverk eftir Þorstein Helgason er án titils.

Íslendingar vilja kaupa list

Jóhann segir að Íslendingar séu áhugasamir um að kaupa list og sala hafi ekki dregist saman í Covid.

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur að selja myndlist síðustu ár. Salan jókst ef eitthvað er. Íslendingar eru almennt áhugasamir um myndlist og við eigum mjög fjölhæfa og frábæra listamenn," segir hann.

Opal eftir listamanninn Odee.

„Við bjóðum fjölbreytt úrval af listaverkum, aðallega eftir innlenda listamenn en þó eru alltaf einhverjir erlendir sem selja og sýna hjá okkur líka. Það er alltaf hægt að skoða töluverðan fjölda verka hjá okkur þótt það sé ekki sérstök sýning á þeim og svo er líka hægt að skoða flest verkin á vefnum okkar og kynna sér þá listamenn sem við erum í samstarfi við."

Maddý bætir við að auk upprunalegra verka sé til breitt úrval prentverka í upplagi hjá Gallerí Fold.

„Upplagsverk hafa verið að seljast vel, mér finnst eins og það hafi orðið vakning hjá fólki um að kaupa prentuð verk í upplagi og fjölfeldi af ýmsu tagi. Fólk sækir í þessi verk núna."

30 ára afmæli

Gallerí Fold verður 30 ára í ágúst en á árinu verða haldnir ýmsir viðburðir í tengslum við það sem ná hápunkti á Menningarnótt.

„Menningarnótt hefur yfirleitt verið stór hjá okkur og þá verða ýmsir viðburðir sem verða kynntir betur þegar nær dregur. Þó er ljóst að við verðum með viðburði eins og öruppboð, það verður hægt að fylgjast með listamönnum vinna, þá verða tónlistaratriði og margt fleira. Listamaðurinn Odee mun meðal annars gera sérstakt listaverk í tilefni afmælisins sem verður afhjúpað á Menningarnótt. Þetta er alltaf mjög skemmtilegur dagur hjá okkur," segir Maddý.

„Afmælissýningin okkar verður sýning á verkum Möggu Rutar Eddudóttur en hún verður opnuð í byrjun ágúst. Magga Rut er afar áhugaverður listamaður en þetta er önnur sýningin sem hún heldur í Gallerí Fold," segir hún.

„Magga teiknar og notar flos í verkunum, þetta eru bæði textílverk og skúlptúrar. Verkin hennar eru mjúk, hún notar mjúka liti og útkoman er mjög femínísk. Þetta eru hlý verk, maður verður eiginlega pínu loðin af þeim," bætir hún við hlæjandi.

„Magga er rosalega skemmtilegur listamaður sem fólk ætti að kynna sér."

Þátttaka í listamessum í útlöndum

Gallerí Fold er í samstarfi við um það bil 30 íslenska listamenn sem selja verk sín í galleríinu árið um kring og halda sýningar þar. Jóhann segir að reglulega taki galleríið þátt í kaupstefnum erlendis þar sem verk íslenskra listamanna eru boðin til sölu.

„Núna erum við að vinna að því að taka þátt í sýningum á Englandi, í Vínarborg og í Danmörku. Þetta eru stórar listamessur og við erum að fara með verk nokkurra af okkar listamönnum út. Það er hluti af okkar samstarfi við listamennina að fara á listamessur með verk þeirra sem við vinnum hvað nánast með," segir Jóhann, „þótt það hafi legið niðri síðustu tvö ár út af Covid," segir hann og hlær.

„En nú er allt að lifna við. Þetta verður spennandi sýningarár fram undan. Út þetta ár og byrjun þess næsta. En við endum alltaf árið á stórri jólasýningu og veljum þá einn listamann til að vera með sýningu. Það verður Unnur Ýr Helgadóttir sem lokar sýningum ársins hjá okkur." ■

Maddý er spennt fyrir þeim fjölbreyttu sýningum sem eru fram undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tank, verk eftir Erró.

Verk eftir Þorra Hringsson en sýning á verkum hans opnar 9. apríl eftir að hafa verið í undirbúiningi í tvö ár.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Það þarf ekki að hvísla eða læðast á listasöfnum

Listasafn Kópavogs í Gerðarsafni er forvitnilegt og lifandi safn sem gleður gesti á öllum aldri með frábærum sýningum, viðburðum, safnbúð og girnilegu kaffihúsi.

„Ég er Reykvíkingur, alin upp af fjölskyldu sem hafði mikinn áhuga á myndlist og menningu. Menningin hefur því alltaf verið nálægt mér, sem og menningarlæsið: hvernig hægt er að túlka menningu á mismunandi hátt. Pabbi er bókmenntafræðingur, föðuramma mín lærði listfræði og föðurafi myndlist í Flórens. Móðurfjölskyldan hefur svo mikinn áhuga á söfnum, myndlist og ljósmyndum sem hluta af daglegri næringu. Allt seytlaðist þetta í gegn þótt ég hafi ekki áttað mig á því fyrr en á háskólaárunum, hversu menningaruppeldið hafði sterk og viðloðandi áhrif á mig.“

Þetta segir Brynja Sveinsdóttir, nýr safnsstjóri Listasafns Kópavogs í Gerðarsafni.

Brynja tók við starfi safnstjóra í október í fyrra en hafði þá unnið á safninu frá árinu 2015. Hún er menntuð í listfræði, heimspeki og hagnýtri menningarmiðlun og lauk auk þess námi í sýningarstjórnun í Stokkhólmi.

„Ég þekki hvern krók og kima í Gerðarsafni og þótt safneignin sé sú þriðja stærsta á landinu er það í sjálfu sér lítið safn. Það þykir mér kostur því teymið er lítið og þétt og sér um allar hliðar safnstarfsins, sem gefur færi á að kynnast fjölbreyttum hliðum þess og eiga víðara samtal um ólíka nálgun í starfinu. Starf safnstjóra er margþætt, því auk þess að sjá um reksturinn er það að setja listræna stefnu safnsins, ákveða sýningar og stóru línurnar í starfseminni, bæði hvað varðar sýningar, viðburði og viðmót, en líka safneignina, hvernig henni er miðlað,“ segir Brynja sem þessa dagana er hugleikið hvernig hægt er að tvinna saman heildræna upplifun og myndlist á listasafninu, bæði hið innra og ytra.

Lifandi samtal við verk Gerðar

Gerðarsafn var opnað árið 1994, eftir að erfingjar listakonunnar Gerðar Helgadóttur (1928-1975) færðu Kópavogsbæ að gjöf 1.400 listaverk úr dánarbúi Gerðar. Skilyrði fyrir gjöfinni var að bærinn byggði listasafn sem tengdist nafni Gerðar, geymdi og sýndi verk hennar og héldi minningu hennar á lofti.

„Ég kynntist verkum Gerðar vel eftir að ég byrjaði að vinna á safninu. Gerður var frumkvöðull innan íslenskrar myndlistar og mér þykir spennandi að miðla verkum hennar og vinna út frá hennar arfleifð og í hennar anda í öllu starfi safnsins. Gerður var mikil tilraunamanneskja og framúrstefnuleg á sínum tíma. Einmitt það er svo gaman, að teygja inn í okkar samtíma og láta tala við listamenn sem vinna á svipaðan hátt og hún gerði, prófa mörkin, ný efni og efnistök. Sýningar safnsins á samtímalist eru því að kanna stefnur og strauma innan myndlistar og sjá hvert samtal listarinnar er við ólíkar hliðar samfélagsins. Það er því alltaf skemmtilegt að vinna með verk Gerðar og sem fyrirmynd að ákveðnu viðhorfi, hugsjón og nálgun. Ég legg því áherslu á að hún sé lifandi hluti af safninu og við erum alltaf með litla grunnsýningu á neðri hæð Gerðarsafns þar sem verk hennar eru aðgengileg um leið og við gerum reglulega uppbrot með annarri sýningu inni í grunnsýningu Gerðar, eins og verður á HönnunarMars í maí með verkum Hönnu Dísar Whitehead. Því á sér stöðugt stað lifandi samtal við verk Gerðar,“ greinir Brynja frá.

Brynja Sveinsdóttir er nýr safnstjóri í Gerðarsafni sem hún segir heillandi samkomustað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Gerðarsafni njóta gestir sín á öllum aldri, enda fádæma fallegt safn með margvíslegt til yndisauka og dundurs.

Fram undan er spennandi rannsóknarverkefni á ferli Gerðar Helgadóttur, en safnið fékk stóran styrk frá Safnasjóði til að fara í tveggja og hálfs árs rannsókn á ferli og verkum listakonunnar.

„Við ætlum að skoða gögnin hennar Gerðar, bréfin og verkin, og gefa út bók og halda sýningu að rannsókn lokinni. Rannsóknir sem þessar getur maður sjaldan framkvæmt á söfnum, en á sama tíma er það virkilega mikilvægt og því frábært að fá stuðning til þess.“

Ólíkir snertifletir samtímalistar

Gerðarsafn er lifandi og skemmtilegt listasafn heim að sækja.

„Ég vil helst að allir líti á safnið, og reyndar öll söfn, sem heimilislegan stað sem er leyfilegt að detta inn á, hvort sem ætlunin er að eyða þar fimm mínútum eða klukkutímum, og hvort sem það er til að fara á kaffihúsið, í fræðslurýmið eða á sýningu. Að listasafn sé skapandi áfangastaður og aðgengilegur þar sem maður getur líka hangsað, án þess að setja sig í sérstakar stellingar. Söfn hafa stundum yfir sér áru þar sem á að læðast um og hvísla, en þau eru ekki svo hátíðleg. Ég vil að fólki finnist það alltaf velkomið og finn að fjölskyldufólk áttar sig æ betur á að Gerðarsafn er góður staður til að njóta samveru eftir leikskóla eða jafnvel verja heilum degi hjá okkur, og þannig vil ég hafa það,“ segir Brynja.

Sjálf átti hún æskudrauma um að verða dýralæknir eða leikkona, og fiktaði ekkert við myndlist.

„Ég er því engin myndlistarkona. Ég er meira í því að njóta myndlistar, skoða hana og túlka og nýt þess til hins ítrasta að sýningarstýra. Mér finnst gefandi að vinna að sýningum með listamönnum með ný verk en líka spennandi að setja upp sýningar með eldri verk og þá í nýju samhengi eða samtali, því það er hægt að skapa svo miklar frásagnir í gegnum sýningar,“ segir Brynja.

Hún er í draumastarfinu.

„Já, svo sannarlega. Þetta er ótrúlega skemmtilegt og gefandi starf. Nú eru hér til dæmis fjölmargir að vinna að uppsetningu sýningarinnar Stöðufundar sem verður opnuð á laugardaginn, 2. apríl, klukkan 15, og allir velkomir. Því er mikið fjör í húsinu og á Stöðufundi verða sýnd verk eftir fimm myndlistarmenn og fimm rithöfunda sem taka afstöðu til samtímans okkar: hvernig við förum að eftir tveggja ára takmarkanir og frestun verkefna – já, hvað gerist nú? Sýningarnar okkar tala við hugðarefni samtímans og hafa snertifleti við aðrar greinar eins og þessi um myndlist og bókmenntir. Á HönnunarMars verður það myndlist og hönnun og á Listahátíð myndlist og dans, þegar Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur sýnir verk. Við leyfum myndlistinni því að teygja sig út fyrir sitt skilgreinda svið og það eru virkilega spennandi tímar í myndlistinni,“ segir Brynja og hlakkar mikið til opnunarinnar á laugardag.

„Það er alltaf hátíðlegt að opna sýningu og gleðilegt að geta aftur boðið fólki á opnun eftir langar takmarkanir og til að samgleðjast listafólkinu að geta loks sýnt afrakstur vinnu sinnar. Stöðufundur er einmitt hægmallandi sýning sem átti að opna 2020 en sem veiran hamlaði æ ofan í æ. Spennandi hluti af þema sýningarinnar er líka hvað gerum við þegar við stöðnum í tíma? Er kannski enn 2020, þegar allt var sett í pásu?“

Samkomustaður fyrir túlkun og sköpun

Við Gerðarsafn er stór og fallegur garður með vindbelg og leiktækjum fyrir börn, og náið sambýli við önnur menningarhús í Kópavogi, svo sem Salinn, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafn Kópavogs og Héraðsskjalasafnið.

„Við vinnum öll mikið saman, enda eru miklir möguleikar í því að hafa þverfaglega nálgun í menningarstarfi, eins og nú með Náttúrustofunni þar sem við skoðum umhverfissjónarmið í sýningum og finnum snertifleti á milli myndlistar og náttúru. Þá erum við alltaf með spennandi starf í fræðslurýminu Stúdíó Gerðar, kaffihúsið Reykjavík Roasters er sívinsælt fyrir æðislegar kræsingar og safnbúðin freistandi með fögrum listmunum. Það eru þessar ólíku hliðar sem gera Gerðarsafn einmitt að spennandi viðkomustað og alltaf er hægt að dunda sér við ótal margt.“

Brynja segir gesti Gerðarsafns líka skemmtilega og ólíka.

„Hingað koma gestir sem fylgjast vel með myndlist, aðrir mæta á viðburði í fræðslurýminu okkar og á laugardögum er vinsælt að koma á fjölskyldustund sem eru þrír viðburðir í samvinnu við Menningarhúsin í Kópavogi, og á miðvikudögum eru ýmist tónleikar, fyrirlestrar eða leiðsögn í hádeginu. Þá höfum við yndi af því að taka á móti skólahópum enda eru börn svo ótrúlega klár og tilbúin að mynda sínar eigin skoðanir. Það er gaman að sjá hvernig þau eru orðin vön nálgun og orðræðu í myndlist, því þau eru skapandi í hugsun og þora að nálgast listina og túlka á eigin forsendum. Þau sem eru hér heimavön fara rakleiðis að skoða sín uppáhaldsverk, halda sína fyrirlestra um Gerði og skúlptúra og nokkrir krakkar í nágrenninu koma á eigin vegum, hoppa í garðinum, koma inn að teikna og svo aftur heim. Allt er þetta draumur að fylgjast með.“ ■

Fegrar fundna hluti á óhefðbundinn hátt

Myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson opnar í dag sýninguna Mitt litla líf – pappír eða plast, í Hverfisgallerii, en sýningin stendur yfir til 23. apríl. Sýningin er samansafn af smærri verkum sem Davíð hefur unnið undanfarin þrjú ár og eru meðal annars afrakstur af vinnu hans með ný efni.

oddurfreyr@frettabladid.is

Davíð Örn Halldórsson var að opna nýja sýningu með næstum 60 myndum í Hverfisgallerí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Davíð Örn Halldórsson er reyndur myndlistarmaður sem hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér á Íslandi og víða erlendis á undanförnum árum, en hann er búsettur og starfar í Stuttgart. Davíð notar frekar óhefðbundnar málunaraðferðir, en hann hefur málað og spreyjað með mismunandi málningu og efnum á ýmsa fundna hluti og í seinni tíð hefur hann verið að prófa sig áfram með ný efni sem skapa um leið nýja möguleika.

Offlæði verka í litla salnum

„Ég hef verið að leika mér að því að vinna minni verk undanfarin ár, en ég er að gera svipaða hluti og venjulega, að mála á fundna hluti og fegra þá, það er bara aðeins meiri fjölbreytni í verkunum núna. Það er reyndar stundum erfitt að segja hvað er skissa og hvað er málverk og þegar ég er að vinna í þessum minni verkum er ég alltaf að hugsa til stærri verka," segir Davíð og hlær. „En maður hefur komist að því að stærðin skiptir engu, verkin er jafn sterk hvort sem þau eru stór eða lítil. Það spilar líka inn í hvað maður finnur og hversu auðvelt er að flytja hlutina.

Þetta er starf síðustu þriggja ára og ég er eiginlega bara að safna saman pappaverkum og þessum fundnu verkum sem eru núna komin í hinar ýmsu stærðir, ásamt því að sýna tilraunir með ný efni eins og epoxy. Gamli draumurinn var að gera alvöru listasýningu í salon-stíl af því að verkin hafa aldrei verið sýnd í Reykjavík," segir Davíð. „Ég hef alltaf verið að búa þetta til milli sýninga eða stærri verkefna og mig langaði að safna þeim saman, en ég gerði líka alveg 25 ný verk fyrir þessa sýningu og alls eru þetta næstum 60 myndir.

Fyrir vikið get ég haft offlæði af verkum og þess vegna lagði ég til við Hverfisgallerí að fá að sýna í stofunni hjá þeim, sem er aðeins minni en aðalsalurinn. En sá salur er mjög glæsilegur og það hræðir mig eiginlega að vera að hengja upp í hann," segir Davíð. „Það er svo önnur sýning í fremri salnum frá Krot & Krass hópnum og tímasetningin virkaði af því að mig langaði að fá innri salinn. Vonandi vinnur mitt litabrjálæði vel með hinni sýningunni."

Davíð vildi setja upp alvöru listasýningu í salon-stíl og hafa offlæði af verkum.

Verk Davíðs eru abstraktverk með mjög æstum litum en ljósmyndir af þýskri náttúru og dýrum læðast líka inn. MYND/AÐSEND

Litafantasía sem flaggar dramatík

„Dramatíski titillinn á sýningunni kemur inn á þá klisju að einn daginn gengur allt upp og maður er besti myndlistarmaður í heimi og svo næsta dag er allt ómögulegt og mann langar að kveikja í öllu draslinu," segir Davíð. „Þessi dramatík er í lífi allra, en listamaðurinn fær leyfi til að flagga því meira en aðrir.

Verkin mín eru abstraktverk með mjög æstum litum en með þessum fundnu verkum læðast inn ljósmyndir af þýskri náttúru og dýrum sem ég reyni að fela með mínu sulli, en það skín smá í gegn, þó að þau sé hálffalin bak við málninguna. En það er ekki neitt sterkt þema eða neitt slíkt, þetta er eiginlega bara litafantasía hjá mér," segir Davíð. „Öll verkin bera titla sem eru svolítil vitleysa. Ég gríp bara eitthvað úr loftinu, en það er kannski svona pínu akkeri og veitir manni kannski einhvern skrítinn aðgang að verkunum."

Þróast með efnunum

Davíð segist draga innblástur frá öllu í kringum sig.

„Það er náttúrulega fegurð og ljótleiki í öllu en þau eru líka innblásin af vinnusemi, að vera á einhverri línu og vera með reynslu af því að vinna með efnin sem ég hef verið að nota. Efnisnotkunin drífur mann áfram og áhugi á að sjá hvað kemur út úr alls kyns tilraunamennsku," segir hann. „Þegar maður fær nýtt efni, eins og þessa epoxy-kvoðu sem ég fór að nota eftir að hafa aðstoðað annan listamann, vakna nýir möguleikar sem kveiktu í mér."

Hvers vegna kýs Davíð að beita óhefðbundnum aðferðum við að búa til verk?

„Maður hefur náttúrulega prófað alls kyns aðferðir, en ástæðan fyrir því að ég nota þetta olíulak og spreyið eru helstu kostir þess. Það er af því að ég vinn í lögum þannig að ég vil að hlutir þorni hratt svo ég get farið að vinna í næstu lögum og vinnuaðferðir mínar hafa í rauninni þróast með kostum og göllum efnisins," útskýrir Davíð. „Þegar maður sér möguleikana í efninu heldur maður áfram að þróast með því. Til að byrja með fannst auðvitað öllum öðrum þetta skrítnara en manni sjálfum, en þetta eru ekki neitt exótísk efni, þannig séð."

Davíð segir að það sé mikil vinna á bak við hverja einustu mynd.

„Maður er einhvern veginn alltaf að reyna að finna jafnvægi milli þess að halda í frumdrögin að verkinu og þessum endalausa eltingaleik við að ofskreyta. Þar á milli er eitthvert jafnvægi sem ég er að leita að en stundum gerir maður of mikið og oftast finnst manni maður gera of lítið. Þessi eltingaleikur tekur tíma," segir hann. „Þetta eru lítil verk, sem þýðir mikla nákvæmnisvinnu sem getur gert hvern sem er brjálaðan, en einhvern veginn hef ég endalausa þolinmæði fyrir þessu."

Hefur það gott í Stuttgart

Davíð hefur unnið og starfað í Stuttgart í fjögur ár en telur líklegt að hann komi einhvern tímann aftur til Íslands.

„Heitkona mín er þýsk og bjó á Íslandi í 12 ár. Við bjuggum saman hér á landi en fengum smá Reykjavíkurleiða og ákváðum að fara til Stuttgart í einhvern tíma. En okkur líkar það bara mjög vel og höfum komið okkur vel fyrir. Hún er að byrja í háskóla og ég er með rosa fína vinnustofu og gott umhverfi til að skapa í, svo það er alls kostar óráðið hvenær við komum aftur. Ég finn í beinunum að við komum aftur, en ég get ekki lofað neinu án þess að tala við konuna mína," segir hann að lokum og hlær. ■

LISTASAFN ÁRNESINGA

5. febrúar - 22. maí 2022

Þú ert kveikjan - Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir

Rólon - Magnús Helgason

Hringrás - Þórdís Erla Zoëga

Buxnadragt - Lóa H. Hjálmtýsdóttir

Sýningarstjóri: Erin Honeycutt

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 12 -17, ókeypis aðgangur. Sjá nánar á www.listasafnarnesinga.is

Safnaráð - Myndlistarsjóður - Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM dream • create
van Gogh The Quality Brand
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris DEPUIS 1795
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Sækir innblástur í Surtsey

Þórunn Bára Björnsdóttir myndlistarmaður hefur verið virk í íslenskri myndlist á undanförnum árum. Þórunn fæst við náttúruskynjun og samspil manns og umhverfis í verkum sínum. Hún gengur út frá náttúruvísindum í verkum sínum.

elin@frettabladid.is

Þórunn Bára myndlistarmaður segir að við berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar og náttúru og þurfum að auka náttúrusiðfræði með tilliti til velferðar jarðar. MYND/AÐSEND

„Myndefni mitt síðustu tvo áratugi er þróun lífs í Surtsey með tilvísun í framlag náttúrufræðinga sem þar stunda rannsóknir á tilurð og framþróun lífs frá upphafi," útskýrir Þórunn en segist þó aldrei hafa komið í Surtsey enda eyjan friðuð. „Kveikjan að verkunum tengist hugleiðingum um tilvistina almennt, stöðu náttúrunnar í ljósi loftslagsbreytinga og afleiðingar af atferli mannsins, aðlögunarhæfnina, lífsbaráttuna, seiglu, rótfestu og samtengingu alls í tilverunni og mikilvægi hverrar einingar fyrir sig í lífskeðjunni sem aldrei má brotna," bætir hún við.

Þórunn Bára lauk listnámi frá listaháskólanum í Edinborg og frekara námi við Wesleyan-háskóla í Bandaríkjunum. Hún er félagi í SÍM og hefur haldið sýningar árlega hérlendis og erlendis, meðal annars hjá Gallerí Fold. Hún starfar að myndlistinni á vinnustofu sinni að Grenimel 21 þar sem fólk getur komið í heimsókn. Verk hennar eru auk þess til sýnis og sölu á Gallerí Fold og á vefsíðu Apollo Art frá því að það fyrirtæki tók til starfa, sjá apolloart.is. Apollo er góð viðbót í listageiranum sem leiðir saman áhugasaman listunnanda og listamanninn í gegnum traust fagfólk en það opnar möguleika til heimamátunar á listaverkum og spjalli við listamanninn.

Endalaus uppspretta hugmynda

Náttúran er Þórunni ofarlega í huga þegar rætt er um listsköpunina. „Það má segja að ég eyði löngum stundum í hugleiðingar um lífið og tilveruna í gegnum Surtsey," segir hún. „Surtsey er mjög áhugavert fyrirbæri í náttúrunni og okkar eigin samtíma og í raun myndbirting þess sem gerist í náttúrunni í víðari skilningi. Þarna upphefjast hlutirnir úr engu og síðan verða sífelldar breytingar eins og eru alltaf í náttúrunni. Í mínum huga er Surtsey blómleg en ég er með tilvísun í fyrirmyndir eins og bergtegundir og jarðveg, þótt plöntulífið hafi átt huga minn undanfarið. Mögulega mun ég flytja mig yfir í grænna gras en mig langar að taka fyrir landsvæði á Íslandi með villiplöntum, til dæmis vatna- eða hálendisplöntum. Ég mun samt ekki sleppa Surtsey því þar er endalaus uppspretta hugmynda," segir Þórunn Bára.

Surtsey er Þórunni hugleikin en þessi mynd nefnist Fjaran.

Hjúpur er annað verk eftir Þórunni þar sem innblásturinn kemur frá Surtsey en verkin eru margs konar.

Fegurðin í náttúrunni

„Ég lít svo á að listin hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að breyta viðhorfi áhorfandans til náttúrunnar með þjálfun í náttúruskynjun. Skynhyggja er vannýtt í samfélaginu en hún er ekki síður mikilvæg en rökhyggja. Við þurfum að þora og megna að ná utan um náttúruna til að tryggja okkur og afkomendum okkar betri framtíð," bendir hún á og bætir við: „Náttúruvísindin færa okkur þekkingu og leiðir til betra lífs. Önnur leið er að gera fólki kleift að skynja og upplifa meðvitað og draga þannig eigin ályktanir af því sem fyrir augun ber. Slík upplifun setur listina í persónubundið samhengi við reynslu, minningar og tilfinningar. Án skynjunar verður engin hugsun. Frá því að ég var barn var ég alltaf með hugann við jörðina, eilíflega að safna, skapa og búa til úr mold, grjóti og blómum,"

Þórunn hefur þá trú að náttúran sé góð fyrir alla. „Fegurðin í náttúrunni gerir okkur að betra fólki. Að vera í náttúrunni hefur jákvæð áhrif á sál og líkama. Samspil manns og náttúru er flókið og brothætt. Breytt hugmyndafræði gegnum aldirnar hefur talið okkur trú um að við séum yfir náttúruna hafin og þannig rofið tengslin við okkar eigin uppruna, jörðinni og okkur sjálfum til óhamingju og vanlíðunar. Við berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar og náttúru og þurfum að auka náttúrusiðfræði með tilliti til velferðar jarðar. Það verður að gerast með hraði því að vandinn felst mikið til í stigvaxandi skerðingu á lífsskilyrðum jarðarinnar," segir hún með áherslu á orð sín. „Ég reyni að færa náttúruna til fólksins með myndlistinni. Við gleymum því oft að við erum hluti af náttúrunni og eigum að lifa í sátt við hana. Jörðin er okkar eina heimili." ■

SAFNBÚÐ BÆKUR, FLOTHETTUR, SOKKA-BUXUR, PEYSUR, SLÁR, KERTASTJAKAR, BÓKA-MERKI, SLÆÐUR, GÆRUR, VASAPELAR, BLÓMA-VASAR, ÚTSAUMUR, PÚSLUSPIL, DAGATÖL, SÁPUR, ILMOLÍUR, REYKELSI, DÚKKUKJÓLAR & SKARTGRIPIR

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

GARÐATORG 1
210 GARÐABÆR

OPIÐ 12–17 ALLA DAGA
NEMA MÁNUDAGA



Listunnendur og listamenn mætast í stafræna listagalleríinu Apollo art.

Listagallerí í takt við nýja tíma

Listamenn og listunnendur mætast í stafræna listagalleríinu Apollo art. Þar kynna íslenskir listamenn sig og list sína sem auðveldar listunnendum að uppgötva og fjárfesta í verkum sem hreyfa við þeim.

Apollo art, apolloart.is, er stafrænt listagallerí sem selur listaverk eftir um 150 þekkta og efnilega íslenska listamenn. Galleríið var opnað í október árið 2020 en stofnendur þess höfðu lengi fundið að það vantaði vettvang sem gæti hjálpað listamönnum að koma sér á framfæri og á sama tíma vettvang fyrir listunnendur til að komast á listaverkasýningu hvar og hvenær sem er, segir Ellert Lárusson, framkvæmdastjóri Apollo art.

„Okkur langaði að nýta þá þekkingu og reynslu sem við höfðum og leggja þar með okkar lóð á vogarskálarnar með það að markmiði að koma íslenskum listamönnum betur á framfæri."

Góð notendaupplifun

Ellert segir Apollo art ganga fyrst og fremst út á að nýta krafta internetsins og samfélagsmiðla með það að markmiði að tengja saman hæfileikaríka listamenn og áhugasama listunnendur.

„Apollo art býður upp á nýjar leiðir til að sýna, selja og fjárfesta í íslenskri list á netinu. Mikið er lagt upp úr góðri notendaupplifun, en framsetning verka sem og upplýsingar um listamenn skipta höfuðmáli. Auðvelt er að átta sig á raunstærð verka á vefnum eða þá lesa um sögu og bakgrunn listamanns. Við auðveldum listamönnum að koma sér á framfæri. Þjónustan við listamennina snýr að öllu því sem kemur að sölu og auglýsingum og geta þeir því einbeitt sér að því að skapa sína list."

Heimamátun og skoðun vinsæl

Viðskiptavinir geta fjárfest í verkum beint af vefnum eða nýtt sér þjónustu eins og heimamátun eða skoðun, segir Ellert. „Heimamátun og skoðun hefur gengið ótrúlega vel fyrir bæði viðskiptavini og listamenn.

Ferlið í heimamátun og skoðun er mjög svo einfalt. Þegar beiðni um heimamátun eða skoðun er send inn er hún komin í ferli, í flestum tilfellum samdægurs. Í heimamátun afhendir listamaður verkið sem er svo mátað við heimilið og er sú þjónusta ekki með neinum skuldbindingum og auðvitað að kostnaðarlausu.

Skoðun á verki á sér svo stað á vinnustofu listamanns. Þessi persónulega upplifun og þjónusta sem felst í að vera í beinni tengingu við listamanninn er mikils metin hjá viðskiptavinum okkar."

Ellert Lárusson, eigandi og framkvæmdastjóri Apollo art. MYNDIR/AÐSENDAR



Apollo art selur verk eftir 150 þekkta og efnilega íslenska listamenn.



Viðtökur hafa farið fram úr björtustu vonum og ljóst að þörfin var mikil.

Persónuleg þjónusta í fyrirrúmi

Ellert segir viðtökur frá opnun hafa farið fram úr björtustu vonum og ljóst hversu mikil þörfin var. „Það skiptir okkur miklu máli að veita faglega, persónulega og snögga þjónustu og gleður það okkur hversu margir koma aftur og aftur, hvort sem það er til þess að fjárfesta í list eða gefa gjafir. En verk keypt í gjafir og gjafabréf hafa verið að seljast mikið sem er einkar ánægjulegt."

Hann segir þau vera stolt og þakklát þeim fjöldamörgu listamönnum sem hafa tekið þátt í þessari skemmtilegu vegferð með þeim. „Viðtökurnar frá listamönnum eru okkur mjög kærkomnar og þeirra rödd skiptir okkur miklu máli, enda höfum við frá byrjum stefnt að því að auðvelda þeim að koma sér á framfæri. Svo er alltaf frábært að sjá aukin tækifæri sem hafa opnast fyrir listamenn eftir að hafa komið sér á framfæri á Apollo art."

Apollo art brúar bilið

Með myndlist í boði á netinu er Apollo art að brúa bilið á milli listamanna og listunnenda og bjóða upp á stærri markað og meiri möguleika. Sölutölur milli landshluta og heimshluta sýna það glöggt. Íslenskir sem og erlendir listunnendur fjárfesta í listaverkum sem þeir hefðu eflaust ekki uppgötvað. Þessar staðreyndir undirstrika það hvað netsala er orðin vinsæl og mikilvægur partur af því hvernig listaverk eru skoðuð, keypt og seld að sögn Ellerts.

Margir viðskiptavinir nýta sér heimamátun listaverka.

Á stafrænum vettvangi sem þessum er mikilvægt að hámarka þægindi og bjóða upp á góðar lausnir, segir Ellert. „Það skiptir okkur miklu máli að bjóða upp á persónulega og sérsniðna ráðgjöf ásamt því að mæta þörfum viðskiptavina með fjölbreyttu og einstöku úrvali. Það sama á við um greiðsluleiðir en auk þeirra hefðbundnu, svo sem með korti og millifærslu, geta viðskiptavinir okkar dreift eða frestað greiðslum. Þá ábyrgjumst við einnig ánægju með 14 daga skilarétti og fullri endurgreiðslu."

Ellert segir eigendur Apollo art stöðugt leita leiða til að betrumbæta þjónustuna, upplifun og viðmót fyrir bæði listunnendur og listamenn. „Fylgjendur Apollo art mega vera spenntir fyrir komandi tímum. Við erum að vinna að stærri verkefnum, en þar má til að mynda nefna frekari ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina, bættar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir sem og að halda inn á nýja markaði." ■

Nánari upplýsingar á apolloart.is.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

VOR PARTÝ
í dag kl. 16-19

Tískusýning 17:30

Kynnir:
Hrafnhildur
Hafsteinsdóttir

Léttar veitingar

20% afsláttur
af öllum gallabuxum,
strigaskóm og
DEPECHE leðurvörum.

Kaupglaðningur!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Sveppirnir veittu henni innblástur

Vöruhönnuðurinn Rebekka Ashley Egilsdóttir heillaðist af sveppasamfélaginu fyrir ári og veitti það henni innblástur í nýrri fata- og sveppabúnaðarlínu sem hún mun sýna á HönnunarMars í maí.

jme@frettabladid.is

Rebekka Ashley er handviss um að sveppaveiðin sé veiði framtíðarinnar. Til dæmis þurfi ekki veiðileyfi til að tína sveppi. Góð bráð er tilvísun í bráð sem hentar grænkerum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rebekka fékk fyrst áhuga á matsveppum fyrir tveimur árum, sumarið eftir útskrift úr vöruhönnun í Listaháskóla Íslands 2020. „Ég kynntist þá þessu samfélagi sem snýst um að fara út í náttúruna, dvelja þar, leita sér matar og borða hann frítt. Í fyrra sökkti ég mér svo almennilega ofan í þetta og fór sjálf í sveppaferðir. Meðal annars fór ég upp á heiði á Vestfjörðum þar sem mikið finnst af matsveppum. Þá fattaði ég hversu mikið veiðisport þetta er. Það er meira að segja veiðitímabil einu sinni á ári, frá lokum júlí fram í miðjan september, líkt og er í öðru veiðisporti," segir Rebekka.

Annars konar bráð

Allt frá útskrift segist Rebekka hafa unnið verkefni sem tengjast textíl og endurvinnslu á honum. „Ég vann meðal annars í verkefninu Flokk till you dropp. Þar var ég að skapa verðmæti úr hráefni sem annars færi til spillis með því að sauma úr ónýtum textíl frá Rauða krossinum. Eftir það hannaði ég og saumaði fyrirmynd að umbúðum úr tilfallandi seglaefni frá Seglagerðinni fyrir Spjara fataleigu. Þessar umbúðir eru í framleiðslu núna.

Núna hanna ég mína fyrstu eiginlegu fatalínu sem nefnist Góð bráð og byggir á áhuga mínum á sveppatínslukúltúrnum. Fatalínuna vinn ég í samstarfi við Veiðifélagið í Nóatúni. Þaðan fæ ég ónýtar veiðigræjur eins og vöðlur og fleira til þess taka sundur, kryfja, byggja upp og skapa nýtt. Hugmyndin er að endurnýta ónýtar veiðigræjur sem oftast eru ætlaðar til að veiða fisk, gæsir og önnur dýr, til þess að búa til nýjar veiðigræjur með annars konar bráð í huga."

Minnir á bráðina

„Í veiðiverslunum er mikið til af flottum græjum fyrir veiðimenn sem vilja skjóta dýr, en mér finnst vanta aðeins upp á þennan kúltúr fyrir grænkerana. Góð bráð er tilvísun í bráð sem hentar grænkerum, það er sveppina, og þá hattsveppi aðallega. Meðal annars sauma ég vesti, hanska og hatt með aðferð sem nefnist á ensku „fabric manipulation" þar sem ég sauma í efnið til að forma það. Í veiðivestinu sauma ég efnið í renninga sem minnir í fanirnar á hattsveppum. Svo forma ég gerviefni í litla bolta og sýð. Við það bráðnar efnið, umbreytist og minnir á sveppagró. Svo ætla ég að gera ofna sveppakörfu úr svipuðu efni, en aðalatriðið er að karfan hleypi sveppagróunum í gegn, svo sveppirnir geti fjölgað sér. Sveppatínslumaðurinn labbar þannig um skóginn og sáir gróum í leiðinni. Algengustu sveppategundirnar á Íslandi eru hattsveppir. Einnig eru til kantarellur og kóralsveppir sem líta út eins og kóralrif. Ég ætla þá að búa til hanska sem vísa í kóralsvepp.

Litirnir í línunni eru aftur tilvísun í sveppina í íslenskri náttúru. Brúnir eru langalgengastir og því nota ég mikið brúna litinn. Svo eru nokkrir appelsínugulir og gulir. Einnig nota ég aðeins rauðan og hvítan sem er tilvísun í Berserkssvepp. Svo nota ég líka ljósbláan því ein tegund af ljósbláum svepp vex á Íslandi."

Efnið minnir á sveppagró. Rauði liturinn vísar í berserkjasvepp sem veldur heiftarlegum magakrömpum.

Rebekka segir að til séu nokkrar appelsínugular tegundir af sveppum og gulum einnig.

Sveppatínsla er sjálfbær tómstund sem gefur færi á að njóta gæðastunda í náttúrunni og afla sér matar.

Hugmyndin spratt í veiðiferð

Rebekka ætlar líka að búa til sérstakt sveppatínslusett. „Ég fann það sjálf í sveppatínslunni í haust að það mætti gera ýmislegt til að auðvelda sveppaveiðina. Ég var þarna í skóginum með fjöldskyldunni og kærastanum með alls konar græjur, sveppahandbókina, í regnjakka og með körfu og fleira. Ég fann einhvern svepp og þurfti að leggja bókina frá mér. Svo þurfti ég að leggja hnífinn frá mér til að verka sveppinn. Svo þegar ég ætlaði að taka hlutina upp þá féllu þeir svo vel að skógarbotninum að ég átti í vandræðum með að finna þá aftur. Því verða öll tólin í Góð bráð-kittinu í áberandi litum þannig að það er auðvelt að koma auga á græjurnar ef þær lenda á jörðinni. Einnig verður einfalt að setja hlutina á sinn stað í kittinu í stað þess að leggja þá frá sér.

Þar á meðal verður sérstakur sjúkrakassi fyrir veiðimenn eða göngugarpa. með hlutum sem nýtast sveppaveiðimanninum lendi hann í ógöngum. Þarna verða plástrar, enda eru sveppahnífar beittir. Einnig verður lítill miði með símanúmerinu hjá eitrunarmiðstöð Landspítalans. Ef þú heldur að þú hafir borðað eitraðan svepp, eða einhver í kringum þig, þá er vissara að hafa símanúmerið á hentugum stað.

Einnig langar mig að búa til sveppahníf og einhvers konar lyktartól sem einangrar sveppinn og gerir það auðveldara fyrir sveppatínslumanninn að þefa af sveppnum til að greina hann. Svo verður lítill sveppabursti með og tól til að verka sveppinn. Það er svo skemmtilegt að vera vel kittaður í veiðiferðinni."

Veiði framtíðarinnar

Rebekka sér fyrir mér að sveppatínslan sé veiði framtíðarinnar. „Ég hugsaði með mér: Hvernig getur vinahópurinn farið saman í sveppaveiðiferðir, komið sér upp öllu kittinu, farið saman að leita sér að mat og eyða saman dýrmætum stundum í náttúrunni? Þetta er veiði sem allir geta auðveldlega byrjað á. Það þarf ekki að kaupa veiðileyfi á sveppi. Þetta er líka sjálfbær tómstund, að fara út og verða sér úti um mat á eigin spýtur, verka hann sjálfur, allt án þess að drepa dýr. Á sama tíma ver maður tíma í náttúrunni og vottar henni virðingu sína. Núvitundin er þannig líka stór hluti af þessu. Þú tínir ekki bara hvaða svepp sem er, því það getur endað illa og jafnvel með dauðsfalli. Við matsveppatínslu er mikilvægt að staldra við og nota öll skynfærin til að greina sveppinn. Það þarf að horfa á sveppinn, snerta, skera í hann, þefa af honum og meta aldur og ástand. Þetta krefst staldurs, einbeitingar og núvitundar. Veiðigræjurnar í Góðri bráð endurspegla alla þessa þætti," segir Rebekka.

„Sveppaveiðisportið eykst sífellt í vinsældum og í kringum höfuðborgarsvæðið eru sveppirnir fljótir að hverfa þegar þeir spretta. Það þarf því oft að fara í sérstakar ferðir út fyrir næsta nágrenni borgarinnar til að finna eitthvað. Mig langar því í framhaldi af sýningunni á HönnunarMars að bjóða upp á ferðir í haust fyrir sveppatínslufólk og áhugamenn. Sjálf er ég enginn sérfræðingur og því væri gaman að fá einhvern, sem er vel að sér, með í ferðirnar, til að fræða fólk um matsveppi í íslenskri náttúru og búa til smá veiðikúltúr í kringum þetta. Þá geta fjölskyldu- og vinahópar gert eitthvað skemmtilegt í haust." ■

Laugardaginn 9. apríl gefur Fréttablaðið út sérblað um

KONUR Í UPPLÝSINGATÆKNI

Talsvert af ungum konum hafa fetað slóðina í upplýsingatækninni eða hafa áhuga á námi því tengdu. Út frá því langar okkur að tengja saman þessa póla semsagt upplýsingatæknina, fyrirtækin og konurnar sem vinna í geiranum sem og að taka á náminu fyrir þær sem hafa í hyggju að fara þá braut á næstunni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

- Aukin mýkt við ökkla
- Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn
- 2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
- Dempun
- IMS: Kerfi sem gefur aukna mýkt niður í sólann
- AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
- Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað
- Reimalæsing, sitthvor stillingin fyrir rist og ökkla
- Rúllukefli sem heldur jafnri spennu á reimum
- 2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
- Custom fit innlegg
- Vibram sóli

Stingum af...

AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 133577

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-15,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsuvörur

gott cbd.is

LANDSRÉTTUR

Verkefnastjóri

Landsréttur auglýsir lausa til umsóknar stöðu verkefnastjóra í fullt starf.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á skipulagshæfileika, ögguð vinnubrögð og hæfni til að vinna sjálfstætt. Verkefnastjóri starfar við hlið skrifstofustjóra og er honum til aðstoðar við dagleg störf en vinnur jafnframt náið með öðru starfsfólki, þar á meðal dómurum réttarins.

Helstu verkefni eru:
- Bókhald og verkefni tengd fjármálastjórn
- Skipulag og umsjón verkferla
- Dagskrá dómsmála
- Umsjón með uppkvaðningu dóma og úrskurða
- Umsjón með skráningu mála í málaskrárkerfi og frágangi gagna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- Færni í ritvinnslu og helstu kerfum Office
- Reynsla af málaskrárkerfi GoPro er æskileg

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í maí 2022.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að sækja um óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið landsrettur@landsrettur.is. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar, gunnar.vidar@landsrettur.is eða í síma 432-5300.

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2022.

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

gott cbd.is

viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Björn og Lára Heimsendaræktun hafa valið Pedigree hundafóður í 20 ár og eru margfaldir ræktendur ársins hjá HRFÍ
ÞÚ GETUR LÍKA TREYST Á PEDIGREE
Pedigree
HEIMSENDA
TOP #1 BREEDER

TÍMAMÓT FRÉTTABLAÐIÐ 31. mars 2022 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir



1889 **Eiffelturninn** vígður.
1905 Gull finnst við jarðborun við Öskjuhlíð í Reykjavík en magnið er of lítið til að vera vinnanlegt.
1917 Bandaríkin kaupa Dönsku Vestur-Indíur af Dönum og borga 25 milljónir dollara fyrir. Síðan hafa eyjarnar heitið Bandarísku Jómfrúaeyjar.
1943 Bandaríski leikarinn Christopher Walken fæðist.
1955 Togarinn Jón Baldvinsson strandar við Reykjanes. Allri áhöfninni er bjargað, 42 mönnum.
1959 Tenzin Gyatso, fjórtándi Dalaí Lama, fær pólitískt hæli á Indlandi.
1967 Á Raufarhöfn mælist 205 cm snjódýpt sem þykir með fádæmum í þéttbýli á Íslandi.
1989 Línuhraðall, tæki til geislameðferðar vegna krabbameina, er tekinn í notkun á Landspítala Íslands.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Jóhanna Valdimarsdóttir

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, mánudaginn 28. mars.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Brynjólfur Einarsson
Valdimar Einarsson **Fanný Þóra Erlingsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Kristjánsdóttir

sem lést á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut, þriðjudaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 1. apríl klukkan 15.
Starfsfólki Grundar er þakkað fyrir umhyggju og hlýhug.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Ástusjóð (astusjodur.is).

Sigríður Einarsdóttir **Þorgeir Kristjánsson**
Stefán Einarsson **Inga Þórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi, bróðir og mágur,

Ásmundur Karlsson

Brekkubyggð 40,

lést á blóðlækningadeild Landspítalans mánudaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.
Sérstakar þakkir til starfsfólks blóðlækningadeildar 11G og göngudeildar 11B/C fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun. Útförinni verður streymt. Hlekkur á streymi: www.netkynning.is/asmundur-karlsson

Guðbjörg Alfreðsdóttir
Axel Ásmundsson
Máni Snær Axelsson **Brynja M. Dan Gunnarsdóttir**
Guðríður Karlsdóttir **Guðni R. Eyjólfsson**
Hólmfríður K. Karlsdóttir **Friðrik Sigurgeirsson**

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Lárusson

húsasmíðameistari,
Smárahvammi 11, Hafnarfirði,

lést á Borgarspítala sunnudaginn 20. mars.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 31. mars klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Einstök börn.

Unnur Einarsdóttir
Jón Ragnar Guðmundss. **Hulda Ólafsdóttir**
Elín Guðmundsdóttir **Kristinn Frímann Kristinsson**
Lárus Jón Guðmundsson **Aðalheiður Ólöf Skarphéðinsd.**
Hólmfríður Guðmundsd.
Einar Bjarki Guðmundss. **Amanda Jean Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll var fagurkeri í máli og gaf út ritin Bókaormurinn og Skjöldur. MYND/AÐSEND

Júnkerinn frá Bræðratungu

Handskrifuð sjálfsævisaga Páls Skúlasonar frá Bræðratungu dúkkaði óvænt upp eftir lát hans.

arnartomas@frettabladid.is

Bókaútgáfan Sæmundur undirbýr um þessar mundir útgáfu á sjálfsævisögu Páls Skúlasonar frá Bræðratungu. Handskrifuð ævisagan fannst óvænt eftir lát Páls en í henni segir hann frá uppvexti, námsárum og störfum á hinum ýmsu sviðum.

Páll Skúlason fæddist árið 1940 og var uppalinn í Bræðratungu þar sem foreldrar hans voru bændur. Hann nam síðar lögfræði í Reykjavík sem varð hans iðja ásamt ýmsum menningarstörfum. Tímaritin Bókaormurinn og Skjöldur voru gefin út sem persónuleg málgögn Páls sem var stundum kallaður Júnkerinn af Bræðratungu.

„Hann var oft í gamni kallaður þetta því að um sumt voru lifnaðarhættir hans kannski ekki ósvipaðir lífi skáldsögupersónu eftir Halldór Laxness sem er kallaður þessu nafni," segir Bjarni Harðarson, eigandi Bókaútgáfunnar Sæmundar, sem var persónulegur vinur Páls. „Við vissum ekki að hann hefði skrifað ævisögu sína fyrr en bróðursonur hans rakst óvænt á snyrtilega og vel frá gengna möppu með ævisögu Páls."

Bjarni segir ævisöguna vera skemmtilega gamaldags þar sem hann segir blátt áfram og hreinskilnislega frá samferðamönnum og lífi sínu. „Hann talar yfirleitt vel um fólk þótt það sé stundum blæbrigðamunur þar á. Það er ekki mikil bersögli í máli um átök við aðra menn."

Dyggur hirðmaður Bakkusar

Eitt af því sem vakti athygli Bjarna í ævisögunni var hispursleysi Páls gagnvart vínhneigð sinni.

„Hann var alla tíð heill í því að vera hirðmaður Bakkusar konungs, og í ævisögunni örlar hvergi á eftirsjá eða harmi yfir því hlutskipti," segir Bjarni. „Langflestir í þeirri hirð eiga það sammerkt að á einhverjum tímapunkti formæla þeir Bakkusi. Þessa varð maður aldrei var í lífi Páls, og í ævisögunni sést alveg að hann var heill og lítur ekki svo á að þetta hafi getað eða átt að fara á annan veg. Þetta er athyglisvert sjónarhorn sem mér finnst að megi heyrast, þótt ég taki kannski ekki skilyrðislaust undir það."

Páll var fagurkeri á íslenskt mál og segir Bjarni að textinn sé skemmtilega skrifaður.

„Hann var afskaplega vel lesinn og tileinkaði öllum helstu kreðsum síns tíma, sem fylgir jafnan lífi eins og hans. Hann átti alls staðar heima, eða kannski mætti segja alls staðar og hvergi."

Bjarni Harðarson, eigandi Bókaútgáfunnar Sæmundar.

> Hann átti alls staðar heima, eða kannski mætti segja alls staðar og hvergi.
>
> Bjarni

Þeir sem vilja tryggja sér eintak af bók Páls geta skráð sig í bókakaffisbúðum Sæmundar í Reykjavík og á Selfossi eða á Facebook-síðu útgáfunnar. ■

†

Kær frændi okkar,

Osvald H. Kratsch

hárgreiðslumeistari,
Hönefoss, Noregi,
áður í Stigahlíð 20, Reykjavík,

sem lést þann 23. febrúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu, mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð skáta, kt. 4401692879, reikningsnr. 528-14-403279.

Systkinabörn hins látna.

†

Ástkær móðurbróðir okkar og vinur,

Otti Pétursson

Orrahólum 5, Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 24. mars á Hrafnistu Laugarási.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 4. apríl klukkan 11.00.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Miklatorgi fyrir frábæra umönnun og aðhlynningu.

Guðrún Guðbjartsdóttir **Guðjón Þ. Sigfússon**
Kristinn H. Guðbjartsson **Laufey Ó. Hilmarsdóttir**
Álfheiður J. Guðbjartsdóttir **Olaf Sveinsson**
og fjölskyldur.

VERTU MEÐ!

Skráðu þig í Netklúbb Skanva.is og njóttu eftirfarandi fríðindar þegar þú kaupir glugga og hurðir:

- Ókeypis aðgangur og engin skuldbinding
- Afsláttur fyrir klúbbfélaga
- Verðvernd
- Sértilboð, innblástur og góð ráð

Netklúbbur
Skanva.is

Verslun
Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 - 8400

Skanva.is

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál - Skúli Eggert Sigurz Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2010-2011 Garðabær - Hveragerði.
14.30 Fólkið í landinu Jóhannes Jónasson.
14.50 Gert við gömul hús
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
16.20 Átök í uppeldinu
17.00 Svikabrögð
17.30 Landinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.29 Lúkas í mörgum myndum
18.36 Tryllitæki
18.42 KrakkaRÚV
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli Malín Brand blaðamaður hefur hlotið dóm og verið útskúfað. En það var ekki í fyrsta skiptið sem hún upplifði útskúfun. Malín er gestur Sigurlaugar Margrétar í Okkar á milli.
20.35 Húsið okkar á Sikiley Hus-drömmar på Sicilien
21.10 Synd og skömm It's a Sin Bresk leikin þáttaröð um unga samkynhneigða menn sem flytjast til Lundúna í byrjun níunda áratugarins og mynda vinskap.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
23.00 Babýlon Berlín Babylon Berlin
23.45 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Black-ish
15.25 mixed-ish
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Single Parents
19.40 Superstore
20.10 MakeUp
20.45 9-1-1
21.35 NCIS. Hawaii
22.20 In the Dark
23.05 The Late Late Show
23.50 Berlin Station
00.45 Law and Order. Special Victims Unit
01.30 Billions
02.30 Godfather of Harlem
03.25 Tónlist

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The O.C.
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Shrill
09.50 Masterchef USA
10.30 Í eldhúsi Evu
11.05 Mom
11.25 The Mentalist
12.05 The Mentalist
12.35 Nágrannar
12.50 Tveir á teini
12.55 Suits
13.40 Fresh off the Boat
14.00 Shipwrecked
14.45 The Great British Bake Off
15.45 Wipeout
16.20 Eldhúsið hans Eyþórs
17.35 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Aðalpersónur Lóa skoðar internetið, stafræna lífið sem verður sífellt erfiðara að greina frá því raunverulega. Hvaða áskoranir fylgja því að alast upp með Iphone.
19.30 Mr. Mayor
19.50 MacGruber
20.25 NCIS
21.15 The Blacklist
21.55 Real Time With Bill Maher
22.55 Heimilisofbeldi
23.35 Coroner
00.20 Killing Eve
01.05 Dröm
01.35 Shetland
02.35 Leonardo
03.30 The O.C.
04.10 Shrill

Suðurnesjamagasín á Sálumessu Mozarts



Suðurnesjamagasín er á sínum stað í dagskrá Hringbrautar í kvöld en þar munu Páll Ketilsson og félagar hitta Grindavíkurdætur og Grindavíkurfeðga, en fara jafnframt á Sálumessu Mozarts í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ og ef það er ekki nóg, sýna þeir einnig stórþorska úr Faxaflóa. Þátturinn er á dagskrá öll fimmtudagskvöld klukkan 19.30.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 truflun
5 ellegar
6 möndull
8 jurt
10 tveir eins
11 pex
12 kk nafn
13 temur
15 ógæfa
17 reka

LÓÐRÉTT
1 mánuður
2 innvols
3 samstæða
4 ýtarlega
7 skip
9 meginatriða
12 viðskipti
14 eldsneyti
16 kvik

LÁRÉTT: **1** flipan, **5** eða, **6** ás, **8** burkni, **10** rr, **11** siglari, **9** kjarna, **12** kaup, **14** gas, **16** ið.
LÓÐRÉTT: **1** febrúar, **2** iður, **3** par, **4** nánar, **7** jag, **12** karl, **13** agar, **15** ranrir, **17** spaði.

Sudoku

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
		4	3			1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Skák Gunnar Björnsson

Svartue á leik

Guðmundur Kjartansson (2.450) átti leik gegn stórmeistaranum Peter Michalik (2.585) á EM einstaklinga.

47... Rxe3! 48.He1 Dg4+ 49.Kh1 Rf5 50.d5 Dxa4 51.Dc8 Db4 52.Hc1 Dd2 53.Dc4 g4 54.Hg1 g3 55.Hh3 Dxf2 56.Dc3+ Kh7 57.Dd3 g2+ 58.Kh2 Dxg1+ 0-1.
Mjög vel tefld skák af hálfu Guðmundar. Hann hefur fullt hús eftir 3 umferðir. Hannes Hlífar Stefánsson hefur 2 vinninga.

www.skak.is: EM einstaklinga.

ÁRÁSIN Á SKÚLA EGGERT

MANNAMÁL Í KVÖLD KL. 19.00 OG AFTUR KL. 21.00

Skúli Eggert Sigurz varð fyrir hrottalegri hnífaárs fyrir réttum áratug á lögmannsstofunni Lagastoð í Lágmúla. Á örfáum sekúndum stakk andlega veikur maður hann margsinnis í lungu, lifur og nýra, áður en Guðni Bergsson kom fyrstur til bjargar og var sjálfur stunginn tvívegis í lærið.

Í fyrsta skipti segir Skúli Eggert Sigurz söguna alla, af kraftaverkinu að geta lifað af svo mikinn blóðmissi að Blóðbankinn tæmdist allur.

Þetta er saga af fádæma æðruleysi og fyrirgefningu.

HRINGBRAUT

Horft til austurs yfir Flateyjardal. Handan hans er fjallið Hágöng ytri. MYNDIR/ÓMB

Í Flateyjardal Finnboga ramma

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Flateyjardalur gengur inn Flateyjarskaga sem afmarkast af Eyjafirði og Skjálfandaflóa, en þar liggur hann vestan Víknafjalla og Kinnafjalla sem daglega gleðja Húsvíkinga. Dalurinn, sem sunnar kallast Flateyjardalsheiði og nær 220 metra hæð, er 33 kílómetra langur og eftir honum liggur jeppavegur úr Fnjóskadal. Vegna snjóa er hann aðeins fær á sumrin og snemma á haustin, enda Flateyjardalur steinsnar frá heimskautsbaug og því vetrarríki mikið. Lífsbarátta fólks sem þarna bjó á fimm býlum var því afar erfið, en 1953 lögðust Brettingsstaðir síðastir í eyði. Sumrin í Flateyjardal geta þó verið hlý og þurr og nyrst er ágætt undirlendi með gróskumiklum gróðri og frábæru berjalandi. Fjallgarðar beggja vegna dalsins magna síðan upp tignarlegt landslagið, líkt og veiðiáin Dalsá sem rennur eftir botni hans.

Í Flateyjardal fæddist Finnbogi rammi sem samnefnd Íslendingasaga er kennd við. Nýfæddur var hann borinn út en hjón á nálægum bæ fundu hann reifaðan í urð og fóstruðu til fullorðinsára. Í fyrstu var hann kallaður Urðarköttur en var síðan gefið nafnið Finnbogi eftir að hafa bjargað samnefndum manni úr sjávarháska. Finnbogi rammi var, eins og nafnið gefur til kynna, mikill vígamaður og drap fjölmarga menn á ævi sinni. Þannig á hann einsamall að hafa vegið 12 af 15 óvinum sem sátu fyrir honum á kambi í dalnum sem kallast Finnbogakambur en þrír náðu að flýja.

Í Flateyjardal bjóðast fjölmargar spennandi gönguleiðir sem henta jafnt ungum sem öldnum. Gaman er að rölta á milli gamalla eyðibýla en til að komast að Knarrareyri, þar sem Finnbogi rammi fæddist, þarf að aka austur yfir vatnsmikla Dalsána. Þar eru fallegar rústir og strandlengja Eyrarvíkur er mikið fyrir augað, eins og reyndar aðrar strandir Flateyjardals vestan ósa Dalsár. Með því að ganga á Víkurhöfða eða fjöll í nágrenninu sést vel til Flateyjar á Skjálfandaflóa sem dalurinn dregur nafn sitt af. Á góðum degi grillir einnig í Grímsey. Mun erfiðari gönguleið liggur um lausar skriður og torfæra stíga yfir í Hvalvatnsfjörð, ganga sem ekki er fyrir lofthrædda og tekur daginn. Einnig má á tveimur dögum ganga Flateyjardalsheiði suður í Fnjóskadal, og er tilvalið að gista á miðri leið í vistlegu sæluhúsi, Heiðarhúsi. Þaðan getur sprækt göngufólk tekið aukadag og vaðið Dalsá til austurs, haldið yfir Kinnafjöll og ofan í stórbrotnar Náttfaravíkur. ■

Miðnætursólin er óvíða fallegri en í Flateyjardal með útsýni til Flateyjar og jafnvel Grímseyjar.

Í vestanverðum Flateyjardal eru víða stórbrotin björg og ofan þeirra skemmtilegar gönguleiðir.

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

epal

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Ilmur leikur lögreglukonuna Öglu sem ryðst inn á stofu geðlæknis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Leikrit um marglaga konu

Nýtt íslenskt leikrit, Sjö ævintýri um skömm eftir Tyrfing Tyrfingsson, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu föstudaginn 1. apríl. Leikstjóri er Stefán Jónsson og Ilmur Kristjánsdóttir fer með aðalhlutverkið, leikur Öglu sem leitar ráða hjá geðlækni.

kolbrunb@frettabladid.is

Agla ryðst inn á stofu geðlæknis og krefst þess að hann skrifi upp á lyf sem nái að svæfa hana strax. Geðlæknirinn vill ekki verða við þessari ósk Öglu en segir henni hins vegar frá kenningu sinni um að sjö ævintýri um skömm liggi að baki allri geðveiki. Agla neyðist til að rekja sig í gegnum þessi ævintýri sem stjórna lífi hennar ef hún vill eiga einhvern möguleika á bata.

„Agla kom mjög auðveldlega til mín, strax á fyrsta samlestri," segir Ilmur. Hún er lögga, töffari sem er með brynju og sýnir af sér stæla en er brotin undir niðri. Áhorfandinn kynnst báðum þessum hliðum á henni. Mér finnst gaman að leika konur eins og hana, sem eru marglaga."

Gert grín að alvörunni

Spurð hvort leikrit Tyrfings sé dramatísk eða fyndið eða kannski bæði segir hún: „Leikritið er mjög fyndið en líka djúpt, krefjandi og dramatískt. Tyrfingur opinberar í verkinu að fólk getur orðið mjög hlægilegt í allri sinni miklu dramatík en líka eðlilegt. Stefán Jónsson leikstjóri er líka mjög góður í að draga fram akkúrat þessi sammannlegu kómísku element og gera hressilegt grín að alvörunni."

Sjö ævintýri um skömm er sjöunda verk Tyrfings sem er sviðsett í íslensku leikhúsi og það fyrsta sem hann skrifar fyrir Þjóðleikhúsið. „Mér finnst skemmtilegast að leika í nýjum íslenskum leikritum og tengi langsterkast við þau," segir Ilmur. „Persónurnar eru nær manni en persónur sem eru skrifaðar í útlöndum fyrir áratugum eða jafnvel einhverjum öldum. Auðvitað er eitthvað sammannlegt í flestöllum leikverkum sem maður getur gert að sínu en það er auðveldara ef verkið talar beint inn í samtímann."

Aldrei eins

Ilmur segir að samvinna hópsins á æfingatímanum hafi verið frábær. Auk hennar leika í verkinu Hilmir Snær Guðnason, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Eggert Þorleifsson, Kristbjörg Kjeld, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir og Vincent Kári van der Valk. „Þetta er sterkur hópur, það er búið að vera gaman og verður örugglega áfram," segir Ilmur.

> Leikritið er mjög fyndið en líka djúpt, krefjandi og dramatískt.

Spurð hvernig tilfinning það sé að frumsýna í vikunni segir hún: „Ég er nýbúin að kynnast íþróttahliðinni á mér, tók í fyrsta skipti þátt í nokkrum íþróttakeppnum í fyrra og fattaði að frumsýningarvika er eins og vikan fyrir keppni. Ég er bara með einn fókus sem er að klára frumsýninguna og hámarka hæfni mína fram að því. Þetta er síðasta vikan sem maður fær til að prófa eitthvað nýtt og ganga eins langt og maður getur, en svo mun sýningin halda áfram að þróast án þess að breytast. Það er leikhúsið – aldrei eins." ■

Hleðsla Eyglóar í Undirgöngum

kolbrunb@frettabladid.is

Laugardaginn 2. apríl klukkan 16 verður opnuð sýning Eyglóar Harðardóttur, Hleðsla – Draumur I í Gallerí Undirgöngum við Hverfisgötu 76 í Reykjavík.

Sýningin samanstendur af röð málverka sem mynda eina innsetningu sem unnin er sérstaklega fyrir sýningarrýmið.

Litir verksins sem birtast í þremur sextettum voru valdir á grundvelli sambands þeirra hvers við annan og út frá staðsetningu verksins og umhverfi þess. Litirnir kallast á í uppstillingunni og brjóta upp einsleitni umhverfisins.

Verkin búa yfir krafti og ákefð og lýsa upp af innri bjarma þetta almenningsrými götunnar. Í innsetningunni í undirgöngunum, í stanslausum klið bæði bíla og gangandi vegfarenda, gefa verkin vegfarendum möguleika á að sjá rýmið í nýju ljósi og vekja á táknrænan hátt meiri athygli á því sem fyrir augu ber hinum megin við bílrúðuna.

Eygló Harðardóttir er fædd í Reykjavík. Hún hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin 2019 fyrir einkasýninguna Annað rými, sem haldin var í Nýlistasafninu 2018. Hún hefur starfað og sýnt verk sín hér heima og erlendis og verk hennar eru í eigu opinberra safna. ■

Eygló Harðardóttir sýnir málverk við Hverfisgötu. MYND/AÐSEND

Full búð af reiðhjólum

Evrópuverð

Head E Revelo I Women
Rafhjól. Shimano STEPS E5000
299.995,-

Head E I-peak RM Women
Rafhjól. Bafang RM
219.995,-

Head I-Peak I Men
Hybrid. S-Ride 3x8 gíra
69.995,-

Head X-Rubi Cross
Hybrid. Shimano Deore 3x10 gíra
97.995,-

Head Granby E5000
Rafhjól. Shimano Steps E5000
329.995,-

Head Troy II
Fjallahjól. S-Ride 2x8 gíra
74.995,-

Head Ridott II 24"
Barnahjól. S-Ride 1x8 gíra
55.995,-

Head Ridott II 20"
Barnahjól. S-Ride 1x7 gíra
46.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Lítur Siglufjörð öðrum augum eftir einleiksverk

Einleiksverkið Síldarstúlkur, um konur á síldarárunum, er frumsýnt á sunnudaginn í Síldarminjasafninu á Siglufirði. Þrjár konur standa að verkinu sem unnið er í samstarfi við safnið.

ninarichter@frettabladid.is

Halldóra Guðjónsdóttir, Andrea Elín Vilhjálmsdóttir og Margrét Arnardóttir standa að sýningunni. MYND/AÐSEND

„Þetta er frumraun mín á sviði á Íslandi," segir Halldóra Guðjónsdóttir leikkona. „Ég lærði leiklist í Los Angeles og útskrifaðist árið 2013 og hef aðallega verið í veitinga- og hótelgeiranum síðan," segir hún. Halldóra rekur tvo veitingastaði á Siglufirði og annar þeirra er Rauðka.

Fræddist um síld eftir flutninga

„Ég flutti á Siglufjörð fyrir fimm árum síðan. Mér fannst mjög merkilegt þegar ég kom fyrst í bæinn hvað sagan hér er rík. Það er Síldarminjasafnið og ummerki um þessa miklu menningu sem var í bænum, og fór að fræðast um síldarárin," segir hún.

Halldóra kveðst hafa fengið hugmyndina að verkinu út frá efri hæð veitingastaðarins Rauðku. „Þar er fullkomið leikhús, sem er svona söguloft," segir hún. „Þannig byrjaði þessi hugmynd að myndast sem tilraunaverkefni, eitt skref í einu og ég hugsaði: Hvað gerist ef ég gefst ekki upp?"

Hún segir Hlín Agnarsdóttur leikskáld hafa tengt þær Andreu saman. „Þá vissi ég ekki að Andrea væri ættuð frá Siglufirði," segir Halldóra og gefur Andreu Elínu Vilhjálmsdóttur, dramatúrg og leikstjóra verksins, orðið.

Alin upp við sögur úr síldinni

„Upp frá því ákváðum við Halldóra að sækja um listamannalaun. Við fengum út úr Covid-aukaúthlutuninni til að skrifa handrit sem var einleikur. Þá fórum við í rannsóknarvinnu í samstarfi við Síldarminjasafnið," segir hún. „Mamma mín er fædd og uppalin á Siglufirði og var tólf ára gömul í Síldinni. Ég er þannig alin upp við kvöldsögur frá mömmu úr síldinni."

> Þannig byrjaði þessi hugmynd að myndast sem tilraunaverkefni, eitt skref í einu og ég hugsaði: Hvað gerist ef ég gefst ekki upp?
>
> Halldóra Guðjónsdóttir

Andrea Elín minnist sögu sem hún heyrði af ömmu sinni frá síldarárunum. „Þegar það var ræst út einn daginn, þá var kallað ræs. Hún kallar til baka út um gluggann: Ég kemst ekki, ég var að fæða," segir hún. „En örfáum dögum síðar var amma mætt á síldarplanið að salta með ungbarn framan á sér. Þetta var svo mikið gullæði, fólk mætti bara og hélt áfram að vinna. Þetta er í mínu blóði og ég er alin upp við þessar sögur."

Söfnuðu sér fyrir þvottavél

Síldarminjasafnið tók viðtöl við ömmu Andreu á sínum tíma, sem varðveitt eru á safninu. „Verkið er innblásið af sögum þessara ólíku kvenna. Þrjár persónur urðu til í þessu handriti sem tekst á við hvernig lífið gat verið fyrir konur af mismunandi stéttum og fyrir hverju konur voru að safna," segir Andrea. „Þegar síldin kom sköpuðust fleiri tækifæri fyrir konur til að afla sér tekna."

Hún segir sumar konur þannig hafa safnað sér til að ganga menntaveginn eða til að djamma alla daga. „Eða keyptu þvottavél fyrir heimilið eins og amma Halldóru gerði til að geta staðið sig betur sem húsmæður á þessum tíma."

> Það er ótrúlegt að hugsa til þess að það hafi verið svona rosalega margir hérna. Það voru tvær hattabúðir!
>
> Margrét Arnardóttir

Sér Siglufjörð öðrum augum

Margrét Arnardóttir harmónikkuleikari hefur tekið þátt í fjölda stórra verkefna í íslenskri leiklistar- og tónlistarsenu. Hún segir mjög ólíka reynslu að koma til Siglufjarðar, núna eftir að hún kynnti sér Síldarárin. „Og líka verandi harmónikkuleikari.

Ég sá þetta ekki. Þegar þú þekkir ekki söguna er þetta ekki eins áþreifanlegt. Ég sé Siglufjörð allt öðrum augum eftir að þær tvær kynntu söguna fyrir mér. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að það hafi verið svona rosalega margir hérna. Það voru tvær hattabúðir!" segir hún.

Andrea Elín fær orðið. „Já! Það var sér kvenfataverslun og sér herrafataverslun. Það er mikilvægt að skilja að kynslóðin sem lifði þetta tímabil er að hverfa. Síldarminjasafnið, sem er hlutaminjasafn, er eitt flottasta safn á Íslandi. Það er mikilvægt að fara að búa til lifandi viðburði sem gera söguna aðgengilegri á fjölbreyttari máta," segir hún.

Verkið er frumsýnt sunnudaginn 3. apríl klukkan 15.00 á Kaffi Rauðku og fyrst um sinn eru áætlaðar sýningar fram í byrjun maí. ■



Það má alltaf gera grín að Svíþjóð

ninarichter@frettabladid.is

„Við erum að gera grín sem er ótengt umfjöllunarefninu," segir Steiney Skúladóttir grínisti, sem tekur þátt í að stýra söfnunarþætti UNICEF sem er í beinni útsendingu á RÚV á laugardagskvöldið.

Í þættinum verður fjallað um stríðið í Úkraínu og neyðaraðgerðir UNICEF á svæðinu. Markmið þáttarins er að fjölga í hópi Heimsforeldra á Íslandi. Kynnar kvöldsins eru Einar Örn Jónsson og Sigurlaug Margrét Jónasdóttir, sem stýra kvöldinu úr myndveri RÚV, auk Guðmundar Pálssonar og Bjargar Magnúsdóttur sem verða staðsett í símaveri Vodafone.

„Við gerðum skets um einhverja rokkara í nærtís, og gerðum einn skets um UNICEF í Svíþjóð, það má alltaf gera grín að Svíþjóð, fyrirmælin okkar voru bara að gera eitthvað skemmtilegt," segir Steiney létt, um dagskrá kvöldsins.

Opnunaratriði þáttarins er endurútgáfa af gömlum smelli, Diskó Friskó. Þar leiða Birgitta Haukdal og Daníel Ágúst hóp flytjenda, en þeirra á meðal eru Páll Óskar, Helga Möller, Elísabet Ormslev, Jón Jónsson, Friðrik Dór, Þórunn Antonía, Óttarr Proppé og Gunnar Helgason. Þá taka Ellen Kristjánsdóttir og Stefán S. Stefánsson einnig þátt, en þau eru flytjendur upprunalegu útgáfu lagsins sem Stefán samdi.

Steiney Skúladóttir grínisti er meðal þeirra grínista sem stíga á stokk í söfnunarþætti UNICEF. MYND/AÐSEND

> Við erum að gera grín sem er ótengt umfjöllunarefninu.

Aðspurð hvernig uppistandarar koma undan Covid-inu, svarar Steiney: „Við Kanarí-hópurinn vorum mjög heppin með það að við fórum haustið 2020 að skrifa grínþættina okkar sem voru á RÚV. Við fórum síðan beint í að gera sketsasýningu í Þjóðleikhúskjallaranum," segir hún. ■

OPIÐ HÚS
Laugardaginn
2. apríl, kl. 13 - 17

NÝTT!

NÝJAR ÍBÚÐIR

MARÍUGATA 13-15

URRIÐAHOLTI - GARÐABÆ

- 3ja til 5 herbergja íbúðir
- Verð frá 64,9 millj.
- Stærðir frá 89,7 fm til 192,0 fm
- Margar útsýnisíbúðir
- Bílskúr með nokkrum íbúðum
- ÞG Verk traustur byggingaraðili

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Bókaðu einkaskoðun
Sýnum samdægurs

Heimir
Lögg. fasteignasali
849 0672
heimir@fastlind.is

Hrafnkell
Lögg. fasteignasali
690 8236
hrafnkell@fastlind.is

Sævar
Í námi til löggildingar
844 1965
saevar@fastlind.is

Gunnar
Lögg. fasteignasali
776 3848
gunnarvil@fastlind.is

Auður
Lögg. fasteignasali
848 2666
audur@fastlind.is

Dagrún
Í námi til löggildingar
866 1763
dagrun@fastlind.is

Elvar
Í námi til löggildingar
659 6606
elvar@fastlind.is

Hrafn
Lögg. fasteignasali
845 9888
hrafn@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afsláttur gildir ekki á útsölum.

Hnappaegg

Hinir sívinsælu Nóa Hnappar sóma sér einstaklega vel í páskaeggjum og það er óhætt að segja að hnappaeggin okkar séu sannkallaðir hnappafengir! Við bjóðum upp á tvær ómótstæðilegar tegundir í ár, hið klassíska perluhnappaegg og frábæra nýjung sem svíkur engan, saltkaramelluhnappaegg! Ekki missa af þessum hnappdrættisvinningum!

cocoa HORIZONS

Ferskt íslenskt hráefni í Parísarbúningi í kvöld

Matreiðslumenn frá veitingahúsinu Les Enfants du Marché í París taka í kvöld yfir verðlaunaða veitingastaðinn Skál! sem staðsettur er í Mathöllinni á Hlemmi. Eigandi staðarins heimsækir Ísland í fyrsta sinn ásamt eiginkonu sinni og teymi matreiðslumanna, og lætur vel af landi og þjóð.

ninarichter@frettabladid.is

Franski matreiðslumaðurinn Michael Grosman mun töfra matgæðinga landsins upp úr skónum á Skál! í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Við þurftum að tengjast eyjunni og byggja tengingu við hráefnið. Þetta er svo fallegt land, sennilega það fallegasta sem ég hef séð á ævinni," segir matreiðslumaðurinn Michael Grosman, eigandi veitingastaðarins Les Enfants du Marché í París sem er á matarmarkaðinum Les Enfants Rouges í Le Marais-hverfinu.

Hreifst af náttúru landsins

Michael sker brokkolíní-stöngla í grið og erg og dásamar eiginkonu sína sem situr við barinn á Skál! Hjónin ferðuðust út fyrir höfuðborgina í gær til að dást að náttúru landsins og tengjast hráefninu betur.

„Það er tilfinning hérna og orka sem við erum mjög hrifin af. Þegar þú kemur beint frá París er þetta algjörlega dásamlegt. Við vorum svo hissa þegar við komum til Reykjavíkur, að vera komin í siðmenningu og bílaumferð strax fimm mínútum eftir að hafa verið í algjörlega ósnortinni náttúrunni."

Erfitt að finna óunninn fisk

Kokkarnir vinna með íslenskt ferskt hráefni. „Það var svolítið erfitt að finna það, en við vinnum með frönsku tæknina í skapandi eldhúsi. Þetta er rosa flott." Michael segir mikilvægt að byggja brú milli landanna tveggja með matargerð. „Ég held að fólkið hér þurfi að einbeita sér að fersku hráefni. Það var mjög erfitt að finna heilan óunninn fisk hérna. Ég skil að sjávarútvegurinn sé stór. En hér erum við að vinna með ferskan fisk. Hráefnið er mikilvægasti þátturinn í allri matargerð."

Kom með fínustu frönsk vín

Michael segist eingöngu bjóða upp á náttúruvín á veitingastaðnum sínum í París. Hann dregur fram þrjár flöskur sem hann segir að séu framúrskarandi frönsk vín, þar á meðal flösku af víngarði vinar síns í Suður-Frakklandi. „Við ákváðum, í ljósi þess að Skál! er með framúrskarandi úrval af vínum, að koma með eitthvað virkilega dýrt og flott og því seljum við bæði hálf og heil glös af þessum vínum í kvöld," segir hann.

Kræklingur að vestan að hætti Grosman. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafa hlotið fjölda verðlauna

„Veitingastaðurinn okkar er staðsettur á elsta matarmarkaði borgarinnar. Þarna er hægt að kaupa mat og blóm og líka setjast niður og fá sér góðan mat með frábæru víni. Við bjóðum upp á matinn við barborð undir skýli. Við höfum fengið fjölda viðurkenninga en áherslan hjá okkur liggur í því að njóta þess að vera til og gleðja fólk með góðum mat og víni," segir Michael. „Þetta er hvatinn. Þetta er góður staður með góðum lífrænum mat, lífrænum vínum, góðri tónlist."

Ekki stífur staður

Aðspurður hvernig hann hafi fundið teymið í eldhúsið segist Michael vera lánsamur. „Ég hef kynnst fólki í gegnum glasið," segir hann. „Ég held að ég sé heldur ekkert voðalega erfiður í umgengni," segir hann og hlær. „Þetta er lifandi staður og við erum ekki stíf. Fólk má segja það sem það vill og tjá sig um matinn og vínið. Við erum ungt teymi og við höfum tækifæri til að vera með pop-up viðburði eins og hér, þannig að þetta er bara rosa kúl," segir Michael. ■

Nytjamarkaðir fyllast af ketilbjöllum

ninarichter@frettabladid.is

Air-fryer ofnar eru næstir í röðinni á nytjamörkuðum Sorpu, að mati sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, sem hvetur Íslendinga til að hugsa sig um og fá lánað áður en keypt er nýtt raftæki. Fjölbreyttar tegundir neyslu-æða Íslendinga í heimsfaraldrinum eru sýnileg í þeirri losun sem skilar sér til Sorpu.

„Við áttum fund með Sorpu um daginn og erum að reyna að fá mynd af raftækjasóun Íslendinga. Það er brjálæðislega mikið flutt inn af raftækjum. Við ákváðum að byrja á þessum öfuga enda sem við viljum að sé sem fyrirferðarminnstur," segir Þorbjörg Sandra Bakke, sérfræðingur á sviði hringrásarhagkerfis og loftslagsmála hjá Umhverfisstofnun. „Maður sér ótrúlega vel hvað hefur verið í tísku.

Þorbjörg Sandra Bakke, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Við erum með raftækjafókus núna. En þau [hjá Sorpu] segja að nú sé Covid-neyslan að koma í ljós og allt að fyllast af ketilbjöllum," segir hún.

Að sögn Þorbjargar Söndru er vel sýnilegt á nytjamörkuðum hvaða æði hefur gengið yfir árið á undan. „Af því að það eru svo margir sem kaupa eitthvað svona vanhugsað og nota allt of lítið," segir hún. „Svo er þetta bara komið í Góða hirðinn fyrr en varir. Og auðvitað er alveg rétt að fara með þetta þangað, en þetta er bara oft svo mikið. Það er vandinn, það er ekki þörf á þessu dóti," segir Þorbjörg Sandra.

„Okkar mat er að fólk þurfi að hugsa sig tvisvar um og fá lánað þess í stað hjá öðrum.

Ef maður fréttir af nýjum grejum og finnst eitthvað geggjað, þá er kannski fyrsta skrefið, ef maður er mjög spenntur, að prófa hjá einhverjum öðrum," segir hún. „Og kannski horfa til baka: Er ég búin að taka þátt í öllum svona æðum? Er ég að kaupa tæki á tveggja ára fresti?" ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Heimsferðir 30 ára 1992-2022

30 ára afmælisafsláttur!

Albufeira Portugal

Flug & hótel frá
88.850

Verð frá kr.
120.700

Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"

Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Albufeira í sumar sem bókaðar eru fyrir 10. apríl eða á meðan sætaframboð endist

Albufeira ★★★
Clube Albufeira Garden Village

29. maí í 9 nætur

Frá kr. 88.850 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **120.700** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Albufeira ★★★★
Forte da Oura

7. júní í 7 nætur

Frá kr. 89.900 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **124.800** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Albufeira ★★★
Apartamentos do Parque

21. júní í 7 nætur

Frá kr. 99.800 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **118.400** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Albufeira ★★★★
Cerro Mar Atlantico

5. júlí í 7 nætur

Frá kr. 104.075 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **139.150** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Albufeira ★★★★
Areias Village Hotel Apartments

19. júlí í 7 nætur

Frá kr. 105.150 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **145.300** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Albufeira ★★★
Mirachoro Albufeira

2. ágúst í 7 nætur

Frá kr. 112.900 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **138.700** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

FERMING

20% AFSLÁTTUR

ELEGANCE heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið og mjaðmir og stífara við miðjusvæði. Dýnan er samansett úr 9 lögum af mismunandi svampi og náttúrlegu latexi sem gerir hana sérstaklega þægilega. Elegance heilsudýnan hefur steypta kanta sem gefa um 25% meira svefnrými og tryggja hámarks endingu dýnunnar. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi Elegance en hann gefur virkilega góðan stuðning og aðlagast þér hratt og vel. Lögun svampsins gefur einnig meira loftflæði sem auðveldar þér allar hreyfingar og snúning. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.

Nature's Bedding

120x200 cm	140x200 cm
Fullt verð: 89.900 kr.	Fullt verð: 99.900 kr.
Nú 71.920 kr.	Nú 79.920 kr.

SUPREME heilsurúm með classic botni

Virkilega vönduð heilsudýna sem hentar flestum, millistíf.

Natures Supreme er samsett úr 5 svæðaskiptu pokagormakerfi með steyptri kantstyrkingu sem gefur um 25% meira svefnrými og lengri endingu. Gormakerfið er mýkra við axlasvæðið, millistíft við miðjusvæðið en stífara við neðrabakssvæðið. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem skilar sér í auðveldari snúningi á dýnunni. Mismunandi svamplög gefa henni frábæra mýkt. Hæð dýnunnar er 29,5 cm. Dýna sem hentar ungum sem öldnum.

Nature's Bedding

120x200 cm	140x200 cm
Fullt verð: 124.900 kr.	Fullt verð: 134.900 kr.
Nú 99.920 kr.	Nú 107.920 kr.

20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM RÚMFÖTUM

20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SÆNGUM OG KODDUM

DORMA

Láttu drauminn rætast

AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður

Fullt verð: 199.900 kr.
Nú 159.920 kr.

AUSTIN rafdrifinn hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Koníaksbrúnt, svart, eða dökkgrátt PVC leður.
90 x 98 cm.

Fullt verð: 149.900 kr.
Nú 119.920 kr.

LICATA stóll

Fallegur stóll í gráu, koníakslituðu eða stone áklæði.
84 x 94 x 82 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.
Nú 79.920 kr.

TWIGGY hægindastóll

Fallegur stóll í brúnum, gráum eða rauðum lit.
84 x 92 x 105 cm.

Fullt verð: 69.900 kr.
Nú 55.920 kr.

BOGGIE stóll

Fallegur stóll í bleiku eða orange áklæði.
78 x 77 x 85 cm.

Fullt verð: 64.900 kr.
Nú 51.920 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

STÓLADAGAR

20% afsláttur af öllum stólum

MIAMI
rafdrifinn lyftistóll

Stillanlegur hægindastóll með tveimur öflugum mótorum. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Aðstoðar þig á fætur. Svartur, grár eða brúnn.

Fullt verð: 259.900 kr.

Nú **207.920 kr.**

KOLDING
hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/ PVC.

Fullt verð: 169.900 kr.

Nú **135.920 kr.**

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Ljósgrátt eða dökkgrátt áklæði.

Fullt verð: 139.900 kr.

Nú **111.920 kr.**

TUCSON
rafdrifinn hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Svartur, grár eða brúnn.

Fullt verð: 189.900 kr.

Nú **151.920 kr.**

CANNES
hægindastóll með skammel

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Fjórir litir; koníaksbrúnt, svart, grátt og rautt leður.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **159.920 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

OPIÐ ALLAN SÓLAR-HRINGINN
24/7
Á GRANDA OG Í MJÓDD
nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Nikótín

Einhverja afdrifaríkustu ákvörðun lífs míns tók ég haustið 1988. Eftir að hafa púað sígarettur í einhverjar vikur ákvað ég að nú skyldi ég gera þetta almennilega og taka ofan í mig reykinn. Í kjölfarið fann ég fyrir miklum svima og ógleði en ég lét það ekki stoppa mig og hélt ótrauður áfram og var nokkrum vikum síðar orðin líkamlega, andlega og tilfinningalega háður nikótíni.

Tíu árum síðar, 1998, þá verðandi faðir, prófaði ég að hætta að reykja í fyrsta sinn. Eftir eins árs reykbindindi taldi ég það góða hugmynd að halda upp á áfangann með einum smávindli. Það hliðarspor stóð stutt yfir og innan skamms var ég skítfallinn. Svona gekk þetta næsta áratuginn. Ég hætti í einhverja mánuði en tók síðan ranga ákvörðun og bauð tóbakinu aftur upp í dans með ömurlegum afleiðingum.

Samband mitt og nikótíns tók þó breytingum árið 2012 þegar ég var í norskri flugstöð og uppgötvaði að þar væri stranglega bannað að reykja. Í fráhvörfunum birtist lausnin. Norska fríhöfnin seldi sænskt munntóbak. Ég keypti strax dós og tróð feitri lummu undir efri vör. Tilfinningin sem helltist yfir mig var slík að ég keypti samstundis 10 dollur til viðbótar sem ég smyglaði til Íslands. Við tók tímabil af munntóbaksnotkun og ég lagði sígarettur að mestu á hilluna. Munntóbaki fylgir engin lykt og hægt er að taka það hvar og hvenær sem er. Með gular tennur og efri vör sem leit út eins og ég hefði verið kýldur ásamt sívaxandi og stöðugum aðfinnslum konu minnar tók ég loks þá ákvörðun að hætta í ársbyrjun 2020. Eftir 33 ára samband með sígarettum, munntóbaki og nikótíntyggjói hef ég lært eftirfarandi. Nikótínfíknin sefur en fer aldrei. Ekki reyna að dansa við hana. ■

PARTÝBÚÐIN
Fermingar-skraut
Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is
PARTÝBÚÐIN

BYKO

-20%

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Sumarið er rétt handan við hornið

Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð
Kílóvött 6,8
Brennarar 3

Gem
Gem 310 gasgrill frá Broil King.
Þrír brennarar úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni og grillkerfi með ryðfríu Flav-R-Wave™ grillkerfi. Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður og felliborð á hliðum.
39.916
50657519
Almennt verð: 49.895

Tilboðsverð
Kílóvött 8,8
Brennarar 3

Royal
Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Í lokinu á grillinu er innbyggður hitamælir og hliðarhillur sem hægt er að leggja niður.
55.595
50657513
Almennt verð: 85.595
-36%

Kílóvött 11,4
Brennarar 3
Tilboðsverð

Signet
Signet 320 gasgrill með þremur brennurum úr ryðfríu stáli, postulínshúðaðar grillgrindur og grillkerfi með ryðfríum Flav-R-Wave™ bragðburstum og fellanlegum hliðarborðum.
105.276
50657506
Almennt verð: 131.595
-20%

Tilboðsverð
Kílóvött 8,8
Brennarar 3

Monarch
Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Það er innbyggður hitamælir á grillinu og hliðarhillur sem hægt er að setja niður.
71.988
50657511
Almennt verð: 89.985
-20%

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is